



Ársskýrsla



17. starfsár 2025 – 2026

Skólastjóri: Bryndís Björnsdóttir

Þuríður Lilja Rósenbergsdóttir, staðgengill skólastjóra,

Helga Ósk Þórormsdóttir, deildarstjóri

Arndís Ósk Arnardóttir, deildarstjóri forvarna og frístundamála.

Fjöldi nemenda: 339

Fjöldi starfsmanna: 93

Netfang: naustaskoli@akureyri.is

Heimasíða: <http://naustaskoli.is>

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Hlutverk	3
Áherslur skólans, stefna og viðmið um starfshætti	3
Allir með	4
Forvarnir og frístundastarf	7
Húsnæðismál	7
Nemendur	8
Próunarstarf og viðburðir á skólaárinu	12
Stoðþjónusta	12
Stjórnun og skipurit	14
Skólaráð	14
Teymi - fundir	14
Nemendaréttindaráð	15
Kennsluskipan	16
Endurmat á starfsáætlun í 1. bekk	20
Endurmat á starfsáætlun 2.-3. bekkjar	22
Endurmat á starfsáætlun 4.-5. bekkjar	24
Endurmat á starfsáætlun 6. - 7. bekkjar	27
Endurmat á starfsáætlun 8. - 10. bekkjar	31
Endurmat á starfsáætlun ÍSAT	36
Endurmat á starfsáætlun íþróttateymis	41
Náms- og starfsráðgjafi	44
Innra mat og umbætur fyrir næsta skólaár Skýrslu má sjá á heimasíðu Naustaskóla.	47

Inngangur

Hér má sjá ársskýrslu Naustaskóla fyrir sautjándra starfsár Naustaskóla, 2025 -2026. Skólinn gefur árlega út rit af þessu tagi, markmiðið með því er að taka saman og miðla upplýsingum um skólastarfið, kynna þau verkefni sem unnið er að hverju sinni og skrá þannig um leið sögu skólans frá upphafi. Innra mat og umbótaáætlun má sjá á heimasíðu skólans. Skýrsla þessi er birt á heimasíðu skólans.

Bryndís Björnsdóttir, skólastjóri

Hlutverk

Skólinn er mennta- og þjónustustofnun sem sinnir hlutverki sínu í náinni samvinnu við heimilin með það að markmiði að tryggja farsælt skólastarf, velferð nemenda og leggur hann áherslu á árangursríkt samstarf við heimilin og samfélagið. Hlutverk skólans er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda, að mennta ábyrga og hæfa þjóðfélagsþegna sem geta tekið virkan þátt í þróun samfélagsins og stundað frekara nám. Stuðla skal að víðsýni hjá nemendum, færni þeirra í íslensku máli og skilning á íslensku samfélagi sem og skyldum einstaklingsins við samfélagið, umhverfið og heiminn allan.

Áherslur skólans, stefna og viðmið um starfshætti.

[Stefna skólans](#) er sett fram sem leiðarljós fyrir skólastarfið, þ.e. hvert hlutverk skólans er, hvaða framtíðarsýn við höfum fyrir skólann okkar og hvaða markmið við viljum helst hafa í huga með starfinu. Stefnan var mótuð í samvinnu við fulltrúa foreldra í upphafi skólastarfsins, á grunni undirbúningsvinnu sem fram fór fyrir stofnun skólans og byggir á skólastefnu Akureyrarbæjar. Aðalnámskrá grunnskóla hefur tekið nokkrum breytingum í gegnum árin og um leið áherslur í stefnu skólans um starfshætti, markmið og viðmið í samræmi við það.

Ný [Menntastefna Akureyrar](#) var sett fram fyrir árin 2026- 2031. Skólaárið 2024-2025 tók endurskoðuð aðalnámskrá grunnskóla gildi í þeim tilgangi að gera námskrána aðgengilegri í daglegu skólastarfi. Naustaskóli er teymiskennsluskóli þar sem kennarar vinna og kenna saman í teyrum t.d. 2.-3. bekkur er saman í teymi og 6.-7. bekkur. Skólaárið 2018-2019 urðu þær breytingar á stefnu skólans að sumir umsjónarhópar urðu hreinir, þ.e.a.s kennarar sem eru með umsjón í 1-7.bekk eru ekki með blandaða umsjón eins og áður var, en áfram eru þó blandaðir umsjónarhópar í 8.-10. bekk sem og smiðjuhópar. Næsta skólaár er stefnt að því að taka upp fyrri stefnu þar sem eru blandaðir umsjónarhópar eins og áður. Naustaskóli er Réttindaskóli UNICEF og hefur þau gildi að leiðarljósi. Í daglegu starfi er lögð til grundvallar uppeldisstefna sem nefnist [Jákvæður agi](#) (Positive Discipline). Stefnan byggir á sjálfsstjórnarkenningum og er áhersla á að börn fái tækifæri til að þroska félagsfærni sína í gegnum lífsleikni í andrúmslofti virðingar, góðvildar og festu. Naustaskóli leggur jafnframt áherslu á að vera með velferðarkennslu í gegnum margskonar félagsfærniþjálfun í öllum

nemendahópum, [ART þjálfun](#) fyrir nemendur á yngra- og miðstigi, í ART teyminu í vetur hafa verið þrjár ART þjálfar að auki eru tveir stjórnendur ART þjálfar, einnig hefur verið kennsla í [DAM/DBT](#) in school, sem hefur fengið heitir *Skref fyrir skref* og er þjálfun í félags- og tilfinningafærni á unglingsstigi. Það er ekki endilega mest virði sem auðveldast er að mæla í einkunn, hvort sem það eru tölustafir eða bókstafir, og má segja að þessi færni sé undirstaða velfarnaðar til lengri tíma.

Naustaskóli er framsækinn grunnskóli og leggur áherslu á að vera kunnur fyrir fjölbreytta kennsluhætti og framúrskarandi skólustarf. Menntun skiptir máli og hefur áhrif á lífsgæði einstaklingsins. Naustaskóli leggur áherslu á að koma til móts við hvern og einn nemanda og vera með styðjandi námsskilyrði. Jafnframt að ýtt sé undir sjálfstæði nemenda og trú á eigin getu sem og að nemendur skólans eigi hamingjuríkar minningar frá skólagöngu sinni svo og einnig að eiga árangursríkt samstarf við foreldra og skólasamfélagið

Allir með


Í námi

Í starfi

Í leik

Í ákvörðunum

Til góðra verka



N ámsaðlögun
A thvarf
Umhyggja/virðing
S amvinna
T áp og fjör
A llir með!
SKÓLI

Námsaðlögun

Markmið / viðmið um starfshætti:

- **Skólinn mæti þörfum nemenda í námi.**
 - Til staðar eru ætíð nákvæmar og ítarlegar starfs- og námsáætlanir sem eru aðgengilegar fyrir nemendur og foreldra
 - Nemendur eiga jafnan val um mismunandi leiðir til þess að ná markmiðum sínum
 - Einstaklingsáætlanir eru til staðar fyrir nemendur eftir þörfum
 - Teymiskennsla er nýtt til að nýta styrkleika starfsmanna og til að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda
 - Nemendur fá tækifæri til að hafa áhrif á nám sitt og starfshætti í skólanum
 - Allir starfsmenn fylgja starfsþróunaráætlun sem endurskoðuð er árlega
- **Nemendur verði vel læsir á hvers kyns upplýsingar og á umhverfi sitt**
 - Áhersla er á lestur og hvers kyns læsi á öllum stigum skólans
 - Allir nemendur lesa á hverjum degi
 - Kennarar og nemendur nota upplýsingatækni á ábyrgan og skilvirkan hátt
- **Nemendur rækti sköpunarhæfileika sína**
 - Áhugasvið nemenda eru virkjuð sem hluti af starfinu
 - Nemendur fá tækifæri til að nálgast viðfangsefni sín á skapandi hátt
 - Leikur er nýttur sem kennsluáferð

- Kennsluhættir eru fjölbreyttir og áhersla á verk- og listgreinar
- **Nemendur verði sjálfstæðir, taki ábyrgð á námi sínu og taki stöðugum framförum**
 - Allir nemendur þekkja þau markmið sem unnið er með hverju sinni
 - Námsmat gefur upplýsingar um inntak námsins, tengist settum markmiðum og er leiðbeinandi fyrir nemendur
 - Á mið- og unglíngastigi fylgja nemendur námsáætlunum sem byggja á sjálfstæði þeirra og hafa val um leiðir í náminu
 - Nemendur þekkja og skilja hugtök grunnþátta menntunar, og kennsluteymi temja sér notkun þeirra

Athvarf

Markmið / viðmið um starfshætti:

- **Nemendum líði vel í skólanum**
 - Starfsfólk er glaðlegt, umhyggjúsamt og vingjarnlegt við nemendur
 - Allir hafa skýr hlutverk og finna fyrir öryggi
 - Viðmið um hegðun eru skýr og sýnileg á viðeigandi stöðum í skólanum
 - Líðan og félagstengsl nemenda eru könnuð reglulega og brugðist við niðurstöðum
- **Aðstaða og umhverfi í skólanum sé aðlaðandi og hvetjandi**
 - Hugtök, markmið, námsgögn og verk nemenda eru sýnileg og aðgengileg í skólanum
 - Námssvæði eru skipulögð með tilliti til mismunandi námsstíla nemenda
 - Námssvæði allra aldurshópa innihalda m.a. bóka/lestrarkróka, þankakrika, stærðfræðisvæði, lausnastað, rólegt svæði, hópavinnusvæði o.s.frv.
 - Sjónrænar leiðbeiningar eru nýttar til að sýna skipulag skóladagsins
 - Skólinn og umhverfi hans er ætíð snyrtilegt og þrífalegt
 - Allir taka þátt í að halda umhverfinu í skólanum snyrtilegu
- **Forráðamenn og nemendur eigi aðgang að ráðgjöf og stuðningi**
 - Foreldrar eru upplýstir um þá ráðgjöf og þjónustu sem þeir eiga kost á
 - Skólinn hefur milligöngu um að útvega ráðgjöf eða sérfræðiaðstoð eftir því sem tók eru á
 - Nemendur fá jákvæða og uppbyggilega leiðsögn
- **Skólinn sé miðstöð fyrir íbúa hverfisins**
 - Skólinn stendur fyrir viðburðum fyrir íbúa hverfisins og veitir aðstöðu fyrir slíka viðburði
 - Skólinn og hverfisnefnd eiga með sér gott samstarf

Umhyggja og virðing

Markmið / viðmið um starfshætti:

- **Öll samskipti í skólasamfélaginu byggist á virðingu, umhyggju og jafnrétti**
 - Fræðsla um jákvæðan aga er veigamikill þáttur í skólastarfinu
 - Starfsfólk beitir aðferðum jákvæðs aga af öryggi
 - Nemendur og starfsfólk þekkja og fylgja skólasáttmála
 - Nemendur og starfsfólk nýta tíma sinn vel og eru stundvís
 - Nemendur og starfsfólk kunna og nýta mismunandi leiðir til að leysa úr ágreiningi
 - Tekið er tillit til jafnréttissjónarmiða í öllum ákvörðunum og áætlunum
 - Allir starfsmenn eru ábyrgir ef taka þarf á óæskilegri hegðun hjá nemendum
- **Nemendur læri að bera virðingu og umhyggju fyrir sjálfum sér og öðrum**
 - Gæðahringir með dagskrá eru haldnir a.m.k. þrisvar í viku í öllum námshópum
 - Hlutverkaleikir eru nýttir til að gefa innsýn í aðstæður og tilfinningar annarra
 - Aldursblöndun nemenda og sveigjanleiki í hópaskiptingum nýtast til að ýta undir umburðarlyndi og

umhyggju

- Starfsfólk hvetur nemendur og hvert annað
- **Nemendur öðlist skilning á sjálfbærni í umhverfislegu, félagslegu og efnahagslegu tilliti**
 - Fræðsla um umhverfismál er veigamikill þáttur í kennslu nemenda
 - Skólinn vinnur markvisst að því að öðlast / endurnýja Grænfánann
 - Nemendur verði færir um að taka ábyrgð á eigin fjármálum

Samvinna

Markmið / viðmið um starfshætti:

- **Skólasamfélagið einkennist af samvinnu, lýðræði og mannréttindum**
 - Allir starfsmenn skólans vinna í teyimum
 - Allir meðlimir í skólasamfélaginu hafa tækifæri til að hafa áhrif á ákvarðanir
- **Starfsmenn, foreldrar/forráðamenn og nemendur taka þátt í ákvörðunum**
 - Nemendur og foreldrar/forráðamenn geta haft áhrif á sett námsmarkmið nemenda
 - Skólaráð, nemendaráð og Foreldrafélag starfa skv. settum áætlunum
 - Nemendaviðtöl umsjónarkennara og nemenda eiga sér stað a.m.k. þrisvar á ári og oftar eftir þörfum
- **Foreldrar/forráðamenn eru virkir þátttakendur í námi barna sinna**
 - Í tengslum við foreldraviðtöl fá foreldrar/forráðamenn upplýsingar um nám og líðan nemandans
 - Nemandi og foreldrar/forráðamenn taka þátt í að meta vinnu og árangur nemandans
 - Viðeigandi starfs-, kennslu- og námsáætlanir eru ætíð aðgengilegar á vef
- **Skólinn lýtur markvissri stjórnun sem byggir á kunnri stefnu**
 - Ákvarðanir eru teknar með hliðsjón af stefnu skólans og fyrirliggjandi gögnum
 - Starfsmenn, foreldrar og nemendur eru upplýstir um stefnu skólans
 - Skólinn gefur út mánaðarleg fréttabréf og heimasíða er virk til upplýsingaveitu
 - Umsjónarkennarar senda út vikulega upplýsingapósta
 - Kennsluteymi taka sameiginlega ábyrgð á nemendahópnum og nýta þann sveigjanleika sem felst í teymiskennslunni
- **Nemendur læra markvisst að vinna saman**
 - Kennsluhættir einkennast af samvinnu nemenda
 - Nemendaráð er virkt og stendur fyrir skólaþingi eldri nemenda árlega

Táp og fjör

Markmið / viðmið um starfshætti

- **Nemendur og starfsmenn séu glaðir við störf sín innan skólans og líði vel**
 - Söng og tjáningu er beitt markvisst í náminu
 - Hver skóladagur inniheldur fjölbreytt viðfangsefni
 - Samverustundir með fjölbreyttum atriðum frá nemendum eru a.m.k. vikulega
 - Fjölbreyttir félagslegir viðburðir eru í boði fyrir nemendur t.d. félagsmiðstöð, dansleikir, bekkjarkvöld og fl.
- **Skólinn stuðlar að heilbrigði og velferð**
 - Hreyfing og leikir eru markvisst notuð í starfinu
 - Útikennsla og útivist eru fastir liðir í námi
 - Skólinn stuðlar að hollu fæði nemenda
 - Nemendur fá fræðslu um heilbrigða lífshætti

Forvarnir og frístundastarf

Vorið 2025 var samþykkt að gera stjórnisýslubreytingar á skipulagi forvarna- og frístundamála sveitarfélagsins. Megintilgangur breytinganna er tvíþættur: Annars vegar að samþætta félagsmiðstöðvastarf 16 ára og eldri innan sveitarfélagsins og hins vegar að samþætta starfsemi grunnskóla og forvarna- og félagsmiðstöðvarstarfs. Með þessum breytingum er markmið að færa þjónustuna í nærumhverfi barna og unglinga og að með samþættingu frístundar-, skóla- og félagsmiðstöðvastarfs sé vinna með börnum og unglíngum styrkt, bæði almennt sem og í málum á fyrsta stigi farsældar barna.

Reynslan eftir þetta fyrsta starfsár með breyttum áherslum er jákvæð og allar forsendur til að það geti haldið áfram að þróast og dafna vel innan skólans.

Húsnæðismál

Naustaskóli er nýjasti grunnskóli Akureyrarbæjar og hóf skólinn starfsemi haustið 2009. Skólinn er staðsettur í Naustahverfi, við hlið leikskólans Naustatjarnar sem var fyrsta húsið sem reis í hverfinu og tók til starfa haustið 2003. Haustið 2009 var tekinn í notkun fyrsti áfangi skólahúsnæðisins og hafði hann að geyma heimasvæði 1.-7. bekkjar, frístund, tónlistarstofu og heimilisfræðistofu.

Haustið 2012 var hluti af öðrum áfanga tekinn í notkun, var þar um að ræða heimasvæði unglíngastígs, verkgreinastofur, miðrymi (samkomusal, bókasafn og matsal) og eldhús. Stjórnunarálna var tekin í notkun haustið 2015 og íþróttahús skólans haustið 2016.

Á fyrsta starfsári skólans voru nemendur um 150 í 1.-7. bekk, fyrstu árin bættust við einn árgangur, um 50 nemendur á ári. Skólaárið 2012-2013 voru nemendur tæplega 300 en þá var Naustaskóli í fyrsta sinn heildstæður grunnskóli. Nemendur í skólanum voru á liðnu skólaári ríflega 350 talsins. Í skólahúsnæðinu hafa verið auk grunnskólastarfsins, starfað tvær deildir frá leikskólanum Naustatjörn frá haustinu 2009. Leikskóladeildirnar bera nöfnin Fífilbrekka og Sunnuhvoll og þar eru að störfum rúmlega 50 leikskólabörn samanlagt. Með tilkomu hertra símareglna í skólanum í haustið 2024 var losað um herbergi sem frístund var í fyrir tólmstundaherbergi fyrir unglíngna og félagsmiðstöðina. Aðstaða frístundar hefur því verið meira krefjandi en áður, bæði fyrir börn og starfsfólk. Ákveðið hefur verið að næsta haust muni önnur leikskóladeildin flytjast yfir á nýjan leiksskóla, Hagstein í Hagahverfi, þessi breyting er mjög jákvæð fyrir skóla- og frístundastarf í Naustaskóla.

Undanfarin ár hefur verið talsvert rask á loftræstingarkerfi skólans sem hefur verið bagalegt, unnið hefur verið að lagfæringum og leitað leiða til úrbóta og verður því haldið áfram þar sem staðan er ekki orðin viðunandi. Þá er skólalóð Naustaskóla ágætlega búin og eru foreldrar á Akureyri duglegir að nýta hana með börnum sínum utan skólatíma.



Á heimasíðu skólans er að finna ársskýrslur sem gefa greinargóðar upplýsingar um starfið í skólanum ár hvert frá stofnun hans.

Nemendur

Þessar tölur eiga við lok skólaársins. Þeir nemendur sem eru fluttir eða sótt hafa um flutning í aðra skóla teljast ekki með í þessum lista.

Umsjónarhópar:	Drengir:	Stúlkur:	Alls:	Umsjónarkennari
1.	5	6	11	Andrea stefánsdóttir
1.	3	6	9	Aníta Hrund Hjaltadóttir
1.	3	8	11	Eydís Elva Eymundsdóttir
2.	10	8	18	Berglind Hannesdóttir
2.	8	8	16	Stella Bryndís Karlsdóttir
3.	8	8	16	Sigurður Óli Þorvaldsson
3.	12	5	17	Vala Björt Harðardóttir
4.	8	7	15	Elsa Austfjörð
4.	9	7	16	Hafdís Jakobsdóttir
5.	17	7	24	Birgitta Brynjarsdóttir
5.	7	2	9	Rósa María Bóasdóttir /Lovísa R. Aðalst.
6.	7	9	16	Sunna Friðþjófsdóttir
6.	7	9	16	Þórey Sjöfn Sigurðardóttir
7.	6	8	14	Dagný Hlín Rafnsdóttir
7.	9	5	14	Unnur Ósk Umnsteinsdóttir
8/9/10.	12	8	20	Ása Katrín Gísladóttir
8/9/10.	13	6	19	Andri Snær Stefánsson
8/9/10.	14	7	21	Lovísa Oktavía Eyvindsdóttir
8/9/10.	11	8	17	Paula María Pálsdóttir
8/9/10.	6	13	19	Katrín Ágústa Thorarensen
8/9/10.	13	4	17	Magnús Jón Magnússon
8/9/10.	10	6	16	Halla Jóhannesdóttir

Árgangaskipting: Drengir: Stúlkur: Alls:

Árg. 2008 (10.b.) 27 20 47

Árg. 2009 (9.b.)	18	13	31
Árg. 2010 (8.b.)	21	17	38
Árg. 2011 (7.b.)	15	13	28
Árg. 2012 (6.b.)	14	18	32
Árg. 2013 (5.b.)	24	9	31
Árg. 2014 (4.b.)	17	14	31
Árg. 2015 (3.b.)	20	14	34
Árg. 2016 (2.b.)	18	16	34
Árg. 2017 (1.b.)	10	21	31
	184	155	339

Starfsmenn

Nafn	Starfsheiti	Meginstarfssvið
1. Agnes Ólafsdóttir	Leiðbeinandi	smíðar
1. Alma Kristín Gísladóttir	Stuðningsfulltrúi	6.-7.bekkur
2. Andrea Stefánsdóttir	Kennari	1. bekkur
3. Andri Snær Stefánsson	Kennari	8.-9.-10. bekkur
4. Anna Kristín Gunnarsdóttir	Þroskaþjálfari	Stoðþjónusta
5. Aníta Hrund Hjaltadóttir	Kennari	1.bekkur
6. Anna Aðalsteinsdóttir	Aðstoðar matráður	mötuneyti
7. Ari Valur Atlason	Stuðningsfulltrúi	
8. Arna Kristinsdóttir	stuðningsfulltrúi	6.-7. bekkur
9. Ari Emil Björk	stuðningsfulltrúi	2.-3. bekk
10. Arna Garðarsdóttir	kennari	forföll
11. Arna Ívarsdóttir	Bókavörður	
12. Arndís Ósk Arnarsdóttir	deildarstjóri forvarna og frístundamála	
13. Árný Björk Björnsdóttir	Leiðbeinandi	8.-10.bekkur
14. Ása Katrín Gunnlaugsdóttir	kennari	8.-9.-10.bekkur
15. Berglind Hannesdóttir	Kennari	1. bekkur
16. Birgitta Brynjarsdóttir	Kennari	4.-5.bekkur
17. Bjarki Fannar Helgason	Stundakennari	
18. Björgvin Veigar Sigurðsson	Skólaliði	

19. Bríet Ósk Ólafsdóttir	stuðningsfulltrúi	2.-3.bekkur
20. Bryndís Björnsdóttir	skólastjóri	stjórnun
21. Brynja Bjarnason	leiðbeinandi	textíl
22. Dagný Björg Gunnarsdóttir	Ráðgjafi	námsráðgjafi
23. Dagný Hlín Gunnarsdóttir	Kennari	6.-7. bekkur
24. Dagbjartur Búi Davíðsson	Stuðningsfulltrúi	4.-5.bekkur
25. Daníela Guðlaug Hanssen	Kennari	Íþróttakennsla
26. Díana Lind Rúnarsdóttir	Skólaliði	gæsla/ræsting
27. Eiríkur Kjerúlf	Umsjónarmaður	Húsvarsla
28. Elsa Austfjörð	Kennari	4.-5. bekkur
29. Elva Rósa Helgadóttir	Skólaliði	gæsla/ræsting
30. Eydís Elva	Kennari	2.-3. bekkur
31. Eyþór Möller Árnason	Leiðbeinandi	2.-4.bekkur
32. Erla Hrund Thorlacius	Stuðningsfulltrúi	
33. Fanney Margrét Karlsdóttir	Skólaliði	frístund
34. Fjóla Björk Karlsdóttir	Kennari	forföll
35. Gillian Alise Pokalo	Kennari	myndlist
36. Gines Diaz Lajara	Stuðningsfulltrúi	1.bekkur
37. Guðfinna Berg Stefánsdóttir	Stuðningsfulltrúi	2.bekkur
38. Guðrún Valdís Eyvindsdóttir	Stuðningsfulltrúi	8.-10.b./ leyfi
39. Hafdís Jakobsdóttir	Kennari	2.-3. bekkur
40. Halla Jóhannesdóttir	Kennari	8. - 10.bekkur
41. Hallgrímur Mar B. Steingrímsson	Stuðningsfulltrúi	6.-7. bekkur
42. Haraldur Björnsson	Tölvuumsjónarmaður	tölvur
43. Harpa Hilmarsdóttir	Skólaliði	gæsla/ræsting/ leyfi
44. Harpa Mjöll Hermannsdóttir	Stuðningsfulltrúi	2.-3. bekkur
45. Helga Ósk Snædal	Deildarstjóri	stjórnun
46. Hrönn Rúnarsdóttir	Kennari	ÍSAT
47. Hrund E. Thorlacius	Kennari	2.-3.bekkur
48. Inga Huld Sigurðardóttir	Kennari	2.-3.bekkur
49. Karen Dögg Úlfarsdóttir Braun	kennari	6.-7.b./fæðingarorlof
50. Karl K. Benediktsson	Kennari	Íþróttakennari

51. Katrín Ágústa Thorarensen	Kennari	8.-10.bekkur
52. Kittý Ásgeirsdóttir	Kennari	ÍSAT
53. Kolbrún Eva Helgadóttir	Skólaliði	mötun/ræsting/leyfi
54. Kolbrún Sigurðardóttir	Stuðningsfulltrúi	2.-3.bekkur
55. Kolbrún Sigurgeirsdóttir	Stoðkennari	8.-10.bekkur
56. Kristín Margrét Gísladóttir	kennari	ÍSAT
57. Kristjana Sigurgeirsdóttir	Skólaritari	skólaritari
58. Lina Pikalova	Forstoðumaður frístund	frístund
59. Lovísa Oktavía Eyvindsdóttir	Leiðbeinandi	8. - 10.bekk
60. Lovísa Rut Aðalsteinsdóttir	Leiðbeinandi	4.-5.bekk
61. Magdi Mohammed A.A.Al-Salemi	Skólaliði	Frístund til áramóta
62. Magdalena Ksepko	Stuðningsfulltrúi	6.-7. bekkur
63. Magnús Adrián Mellado	Stuðningsfulltrúi	4.-5.bekkur
64. Magnús Jón Magnússon	Kennari	8. -10.bekkur
65. Magnús Rúnar Svavarsson	Skólaliði	Gæsla/ræsting
66. Mercy Johnson	Skólaliði	mötuneyti
67. Mohammed L. M. Alsawi	Skólaliði	mötuneyti
68. Nabila Tatoi El Hasnaouy	Skólaliði	mötuneyti
69. Nataliia Bareieva	Stuðningsfulltúi	1.-5.bekkur
70. Nelia Vaulia	Skólaliði	gæsla/ræsting
71. Olga María Valdimarsdóttir	Stuðningsfulltrúi	1.bekkur
72. Ólafur Skagfjörð Ólafsson	Stuðningsfulltrúi	2.-3.b.
73. Paula Del Olmo Gomez	Leiðbeinandi	smíðar
74. Paula Maria Pálsdóttir	Kennari	8.-10.bekkur
75. Sandra Dís Leifsdóttir	Stuðningsfulltrúi	1.bekkur
76. Sigmundur Birgir Skúlason	Kennari	íþróttakennsla
77. Sigríður Jóhannesdóttir	Kennari	Sérkennsla /Logos
78. Sigurgeir Ólafsson	Matreiðslumaður	eldhús
79. Stefanía Anna Sigurjónsdóttir	Þroskaþjálfari	Verkefnastjóri stoðþ.
80. Steinunn Steinþórsdóttir	Leiðbeinandi	4.-5.bekkur
81. Stella Bryndís Karlsdóttir	Kennari	1.bekkur
82. Sunna Alexandersdóttir	Kennari	ÍSAT

83. Sunna Friðþjófsdóttir	Kennari	6.-7. bekkur
84. Sunna Bríet Birgisdóttir	Stuðningsfulltrúi	1. bekkur
85. Svanbjörg Sverrisdóttir	Stundakennari	myndm./tónmennt
86. Tómas Ólafsson	Félagsmiðstöðvafulltrúi	
87. Unnur Ósk Unnsteinsdóttir	Kennari	6.-7. bekkur
88. Vala Björt Harðardóttir	Kennari	2.-3. bekkur
89. Védís Elva Þorsteinsdóttir	Skólaliði	4.-5. bekkur
90. Þorgerður Hauksdóttir	Hjúkrunarfræðngur	hjúkrun
91. Þórey Sjöfn Sigurðardóttir	Kennari	4.-5. bekkur
92. Þuríður Jóna Aradóttir	Stuðningsfulltrúi	frístund
93. Þuríður Lilja Rósenbergsdóttir	Deildarastjóri	stjórnun/staðgengill

Þróunarstarf og viðburðir á skólaárinu

Í byrjun september var útivistardagur þar sem nemendur og starfsfólk skemmtu sér saman í útiveru s.s fjallgöngu, hjóltúra og sull á Hömrum var það vel heppnaður dagur án nokkurra takmarkanna. Komið var nokkrum sinnum saman á sal þar sem allir sungu saman, það finnst lang flestum mjög gaman og er þetta eitt af því sem má gera meira af.

Olympíuhlaupið var í september og gekk vel að vanda.

Þemadagar voru haldnir 16. – 17. október.

Litlu jólin voru þann 19. desember og ríkti mikil gleði þegar nemendur í 1.-7. bekk dönsuðu kringum jólatré og jólasveinar komu í heimsókn. Síðan fóru nemendur með kennurunum á sín svæði og áttu saman jólastund. Unglingastigið var með sína jólagleði seinnipartinn 18. desember.

Í vikunni 13.-16. janúar var vika jákvæðs aga og áhersla lögð á bekkjarfundi og fyrirkomulag þeirra, einnig gríðarstaði og lausnarhjól. Í starfsáætlun teymana hér neðar í skýrslunni má sjá það helsta sem unnið var að í vetur og hvernig gekk.

Áfram var unnið að markvissri innleiðingu [Leiðsagnaráms](#) með dyggum stuðningi frá Skólaþróunarsviði Háskólans á Akureyri og mörg góð skref stigin, einnig var sett á laggirnar stoðteymi og Brúin námsver sem bæði er innan skólans.

Ýmislegt fleira dreif á daga okkar í Naustaskóla í vetur og reynt er að að segja frá flestu á heimasíðu skólans. [Hér má sjá fréttabréf](#) og [starfsáætlanir](#) fyrir þetta skólaár.



Stoðþjónusta

Ákveðið var að efla stoðþjónustu í skólanum og var stofnað stoðþjónustuteymi. Í vetur voru í teyminu tveir þroskaþjálfar, námsráðgjafi, 2 stoðkennarar, 1 stjórnandi og kennari Brúarinnar.

Markmið stoðþjónustunnar er að tryggja að þjónustan við nemendur sé skipulögð og að allir nemendur hafi aðgengi að námi og viðeigandi stuðningi: námslegum, félagslegum og andlegum. Nær yfir forvarnir, snemmtæka íhlutun og sértækan stuðning. Oft skipt í þrjú stig.

Þriggja stiga stuðningslíkanið (RTI/MTSS)

Stig 1: Almenn nám fyrir alla. Skýr markmið, leiðsagnarmat, aðgengileg kennsla, reglur og jákvæð hegðunarstýring (t.d. PBS).

Stig 2: Markviss hópastuðningur fyrir nemendur sem sýna frávik. Tímabundin íhlutun 6–12 vikur, gagnadrifin eftirfylgni.

Stig 3: Einstaklingsbundinn, sértækur stuðningur. Mat sérfræðinga, einstaklingsnámskrá og samþætt teymisvinna.

Markmið Brúarinnar er m.a.:

Brúin er tímabundið, einstaklingsmiðað stuðningsúrreði innan grunnskóla sem ætlað er að:

- efla sjálfstjórn, félagsfærni og tilfinningalæsi nemenda
- skapa öruggt, fyrirsjáanlegt og skynróandi námsumhverfi
- styðja nemendur í að ná aftur virkri þátttöku í bekkjarnámi

Á [skóladagatali](#) má sjá hvernig árið er skipulagt og koma fram þeir dagar sem nemendur eiga að sækja skóla, hvaða daga er vikið frá venjulegum skóladegi og hvaða daga nemendur fá leyfi.

The image shows a calendar grid for the school year 2025-2026. The title is 'Skóladagatal 2025 - 2026'. The grid lists days from August to June. Days are color-coded: orange for school days, yellow for holidays, and grey for breaks. A legend at the bottom explains the color coding: orange for school days, yellow for holidays, and grey for breaks. The legend also mentions that school days are from 08:00 to 15:00, and breaks are from 15:00 to 18:00.

Stjórnun og skipurit

Skólastjóri er forstöðumaður skólans og ber ábyrgð á starfi hans. Hann stjórnar skólanum ásamt deildarstjórum og í sameiningu veita þeir skólanum faglega forystu. Frá hausti 2014 jókst stjórnunarhlutfall við Naustaskóla og frá þeim tíma bættist við staða deildarstjóra og eru því stjórnendur skólans þrír talsins. Gengið var út frá ákveðnu skipuriti en stjórnendur skiptu síðan með sér verkum á ýmsan hátt t.d. varðandi samskipti og umsjón með starfsmannateyimum.

Skólaráð

Skólaráð starfar við skólann skv. grunnskólalögum. Ráðið er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólahaldið. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Það fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólaráð er skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra og deildarstjóra en skólastjóri stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess.

Í skólaráði 2025-2026 sitja Bryndís Björnsdóttir skólastjóri, Þuríður Lilja Rósenbergsdóttir deildarstjóri fyrir hönd stjórnenda, Vala Björt Harðardóttir og Lovísa Oktavía Eyvindsdóttir fyrir hönd kennara, Védís Elva Þorsteinsdóttir fyrir hönd annars starfsfólks, fyrir hönd foreldra Aldís Brynjars Schram og Jóhanna Sif Hannesdóttir og fyrir hönd nemenda voru Ragna Steinunn Heimisdóttir og Konný Björk Þórðardóttir.

Teymi - fundir

Starfsmenn skólans störfuðu í teyimum. Kennarar og stuðningsfulltrúar 1. bekkjar mynduðu eitt teymi, einnig kennarar og stuðningsfulltrúar í 2.-3. bekk, kennarar og stuðningsfulltrúar í 4.-5. bekk, kennarar og stuðningsfulltrúar í 6.-7. bekk og kennarar og stuðningsfulltrúar í 8.-10. bekk. Íþróttakennarar mynduðu teymi, sömuleiðis verkgreinakennarar. Þá er litið á starfsmenn Frístundar sem eitt teymi og skólaliða sem eitt teymi. Í vetur var stofnað nýtt teymi, Stoðteymi, verkefnastjóri er Stefanía Anna Sigurjónsdóttir sem sá meðal annars að halda utan um skimunar- og skilafundi í tengslum við persónuleg mál nemenda. Ákveðið var að vera með ART færniþjálfun og var hún kennd í 4.-7.b. í því teymi voru þrír ART þjálfar. Stjórnendur skiptu teyminum á milli sín og höfðu umsjón með sömu teyminum allan veturinn. Teymin unnu samkvæmt verklagsreglum um vinnubrögð í teyimum og ætlast var til að teymi kennara fylgdu þeim á fundum. Var þar m.a. gert ráð fyrir að hvert teymi héldi þrenns konar fundi í hverri viku, skipulagsfund (skipulagning og útfærsla kennslu), nemendafund (rætt um málefni nemenda) og trúnaðarfund (rætt um teymisvinnuna, samskipti og starfsþróun). Lögð var

áhersla á að stjórnendur sætu trúnaðar- og nemendafundi og gekk það eftir. Skipulögð var áætlun yfir umræðuefni vetrarins á trúnaðarfundum. Kennarafundir voru á þriðjudögum kl. 14.45 – 15:45. Þessir fundir voru með hefðbundnu sniði þar sem fjallað var um stefnumótandi málefni og ýmis skipulagsmál, ákvarðanir kynntar og teknar og fram fór ýmis hópvinna og samræður um fagleg málefni.

Starfsmannafundir voru ekki á fastri dagskrá í vetur heldur var fundað þegar færi gafst á því sem var í nokkur skipti. Þá var gengið til dagskrár sem samanstóð af ýmsum málum frá starfsmönnum sjálfum, en einnig var fundurinn nýttur til upplýsingamiðlunar t.d. um málefni einstakra nemenda, farið yfir verkferla í tengslum við einelti, ofbeldi ofl. einnig var fræðsla um jákvæðan aga.

Á fimmtudögum kl.15:00-16:00 var gert ráð fyrir ýmsum fræðslufundum eða samráðsfundum á milli teyma og kennara innan skólans.

Nemendaréttindaráð

Nemendaréttindaráð starfar skv. starfsreglum sem birtar eru í starfsáætlun skólans hverju sinni. Dagný Björg námsráðgjafi hélt utan um fundi í Réttindaskólanum ásamt Daníelu íþróttakennara en þegar hún fór í fæðingarorlof tók Arndís Ósk deildarstjóri félagsmiðstöðvar og frístundamála við.

Kennsluskipan

Hér er að finna nokkur almenn orð varðandi kennsluskipan í skólanum en að öðru leyti er vísað í greinargerðir kennsluteyma sem finna má aftar í skýrslunni en þar má finna greinargóðar lýsingar á kennsluháttum og skipulagi hvers hóps fyrir sig þetta skólaárið.

Skipulag og kennsluhættir Naustaskóla markast af stefnu og markmiðum skólans. Áhersla er á námsaðlögun en við skilgreinum hana sem „viðleitni til að koma til móts við þarfir, áhuga og getu hvers og eins nemanda.“

Við höfum skilgreint nám sem „ferli sem leiðir til breytinga á færni/hæfni og viðhorfum.

Einstaklingur eða hópur uppgötvar, skynjar og tileinkar sér nýja þekkingu, viðhorf eða leikni. Það hefur í för með sér framsýni og frumkvæði um að þróa þessa þætti enn frekar. Nám byggir á fyrri reynslu, þekkingu og viðhorfum viðkomandi. Það á sér stað í samfélagi við aðra með virkri þátttöku hvers og eins.“

Kennslu skilgreinum við þannig: „*Kennsla er ferli, athöfn eða samskipti sem ýta undir eða leiða til þess að nám eigi sér stað. Í kennslu er hægt að nota ýmis verkfæri til að stuðla að námi, s.s. samræðu, skýr markmið, viðmið um árangur, spurningar, sköpun námsumhverfis og tengingu við fyrri reynslu.*“

Kapp er lagt á fjölbreytni í kennsluaðferðum, útinám og endurmenntun kennara og annars starfsfólks miðast við þjálfun og hvatningu til fjölbreytni.

Leitast er við að leggja viðfangsefni í hverri grein fram á fjölbreyttan hátt þannig að þau höfði til allra nemenda. Áhersla er lögð á skapandi viðfangsefni og að sérhver nemandi noti þá hæfileika sem hann býr yfir og að kennsluaðferðir efli skilning nemenda á eiginleikum sínum og hæfileikum og þar með hæfni til að gegna hlutverkum sínum í flóknu samfélagi. Markvisst er stuðlað að því að auka sjálfstæði nemenda, samvinnu þeirra á milli og þekkingu á vinnubrögðum í samfélagi nútímans, þar með talið nýtingu upplýsingatekninnar og stefnt á að henni verði gert hærra undir höfði í 8.-10.b. næsta skólaár. Aðalnámskrá grunnskóla er lögð til grundvallar námsmarkmiða fyrir nemendur og tekið er mið af hinum [sex grunnþáttum menntunar](#) við skipulag kennslu og námsumhverfis. Lagt er upp með að tímafjöldi nemenda í hverjum árgangi og í hverri námsgrein sé í samræmi við viðmiðunarstundaskrá menntamálaráðuneytisins en kennarar hafa svigrúm til að skipuleggja kennslu sína þannig að áherslur á námsgreinar og viðfangsefni séu mismunandi eftir vikum og tímabilum skólaársins.

Leitast er við að mæta þörfum nemenda á kennslusvæðum með námsaðlögun eins og framarlega er kostur. Nemendur eru ekki teknir út af heimasvæðum sínum til stuðningskennslu nema í algjörum undantekningartilfellum, þess í stað er lögð áhersla á fyrirbyggjandi starf með samvinnu kennara og teymisvinnu. Kennarar, stuðningsfulltrúar, þroskaþjálfar, ÍSAT kennarar, námsráðgjafi og skólastjórnendur vinna saman að því að skipuleggja hvetjandi námsumhverfi, leita lausna, veita ráðgjöf og leita sér ráðgjafar utan skólans þegar þess gerist þörf.

Frá og með 2. bekk er nemendum kennt í aldursblönduðum hópum, til að leggja áherslu á að allir eru einstakir, að það sé eðlilegt að nemendur séu á mismunandi stöðum í náminu og til að efla félagsþroska þeirra, auka umburðarlyndi og auka sveigjanleikann í skólastarfinu.

Skipta má vikulegu skipulagi/stundaskrá í nokkra flokka:

Umsjónartími / fundir / samverustundir. Flestir dagar hefjast með því að umsjónarkennari fundar með sínum umsjónarhópi um það sem efst er á baugi hverju sinni, a.m.k. þrjá daga í viku eru gæðahringir (bekkjafundir) þar sem umsjónarhópurinn ræðir saman og nemendur æfa m.a. samskiptahæfni sína, einu sinni í viku er samverustund þar sem nemendur leika og syngja saman.

Vinnustundir. Flestar kennslulotur á stundatöflum nemenda heita einfaldlega vinnustundir en þá vinna nemendur og kennarateymi hvers aldurshóps saman að náminu. Í lestarkennslu er byggt á aðferðunum „Byrjendalæsis“ og í 4.-7.bekk var unnið eftir „Læsi fyrir lífið“ undir handleiðslu Háskólans á Akureyri en þessar aðferðir stuðla að samþættingu námsgreina og í vetur var áhersla á Samræðu.

Í eldri bekkjum vinna nemendur einnig stundum skv. einstaklingsáætlunum sem þeir búa til í samráði við sinn umsjónarkennara, þar er megináherslan á íslensku og stærðfræði en einnig er að hluta unnið í öðrum greinum s.s. náttúru- og samfélagsfræði, tungumálum o.fl. Í vinnustundum vinna nemendur að hluta einir, að hluta í hóp, stundum á ákveðnum námsstöðvum, stundum úti o.s.frv., allt eftir því sem verkefni krefjast og hvað hentar hverjum og einum. Notast er talsvert við svokallað hringekjuform í kennslunni og stöðvavinnu, en einnig er nemendum skipt upp í litla námshópa eftir viðfangsefnum og einstaklingsþörfum hverju sinni. Lögð er áhersla á að nemendur nýti sér upplýsingatækni í náminu, hvort heldur við upplýsingaleit, við ritun eða úrlausn á ýmsum verkefnum. Nemendur fá einnig tækifæri til að vinna að áhugasviðsverkefnum að eigin vali og eru öll teymi sammála um að það megi auka og vera markvissara. Með áhugasviðsverkefnum er átt við að nemendur velja sér viðfangsefni til að kynna sér eða dýpka þekkingu sína á og gera samning um þá vinnu við kennara og í sumum tilfellum við foreldra.

DAM díalektísk atferlismeðferð hefur verið kennd í 9. og 10.bekk undanfarin ár 1 sinni í viku.

Færniþjálfunin hefur verið þróuð til að hjálpa nemendum til að ná betra jafnvægi á tilfinningum sínum sem leiða til betri samskipta almennt og bættri sjálfsmynd. Þetta getur komið í veg fyrir að þeir þrói ákveðin hegðunarmál sem geta leitt til geðrænna vandamála.

Smiðjur. Verklegar greinar eru kenndar í svokölluðum „smiðjum“ þar sem kennarar með sérþekkingu á list- og verkgreinum annast kennsluna. Í smiðjunum fá nemendur því kennslu í heimilisfræði, smíðum, textílmennt, myndmennt, tónmennt, upplýsingatækni, dansi og leikrænni tjáningu.

Þemavinna. Með þemavinnu er átt við verkefni sem unnin eru út frá einu ákveðnu viðfangsefni þar sem námi í samfélagsgreinum, náttúrufræði, upplýsingatækni, lífsleikni og listgreinum er fléttað saman. Í þess konar vinnu gefast tækifæri til fjölbreyttra vinnubragða og mismunandi nálgunar fyrir hvern og einn. Í þemavinnunni vinna oftast saman sömu árgangar og venjulega, þ.e. 2./3., 4./5., 6./7. og 8/9/10., hvert kennsluteymi skiptir vetrinum í nokkur tímabil og á hverju tímabili eru ákveðin

þemu í gangi. Nokkra daga yfir veturinn eru svo tekin fyrir ákveðin þemaverkefni yfir allan skólann, þá er nemendum blandað enn meira, jafnvel öllum aldursstigum saman í vinnuhópa.

e) **Íþróttir og sund.** Sund er kennt í Sundlaug Akureyrar, hver nemandi fer vikulega í sund. Vel búið íþróttahús er til staðar og auðvelt að mæta öllum nemendum þannig þau fái góða hreyfingu og þjálfun í september fer íþróttakennsla fram utan dyra.

Valgreinar

Nemendur í 8.-10. bekk áttu kost á að velja sér valgreinar, var þar um að ræða um 22% af námstíma nemenda. Hluti valgreinanna var kenndur innan skólans en einnig gafst nemendum kostur á að velja valgreinar sem kenndar voru í samstarfi við aðra skóla bæjarins. [Hér má sjá](#) hvaða valgreinar eru í boði. Þá voru nemendur 2 kennslustundir á viku í smiðjum þar sem unnið var með margskonar viðfangsefni.

Námsmat

Við formleg skil á námsmati vorið 2026 var nemendum afhent vitnisburðarskjal með nokkuð ítarlegri almennri umsögn um nemendur ásamt tilvísun inn á námsmarkmiðasafn Naustaskóla á fjölskylduvef Mentor. Námsmarkmiðin sem merkt er við á fjölskylduvef Mentor eru unnin upp úr hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla sem gefin var út árið 2013 en er nú búið að uppfæra. Í Aðalnámskránni er að finna hæfniviðmið fyrir lok 4., 7. og 10. bekkjar en á grunni þeirra höfum við sett niður námsmarkmið sem varða eiga leiðina að hæfniviðmiðunum. Námsmarkmiðin skiptast á svokölluð þrep.

Þannig má segja að algengasta námsframvinda hjá nemendum sé þannig að nemandi í 1. bekk sé að vinna að markmiðum á þrepi 1, nemandi í 4. bekk sé að vinna á þrepi 4, nemandi í 7. bekk að vinna á þrepi 7 og einstaka nemendur á unglingsstigi geta verið búin með öll þrepin og eru þá komin í framhaldsskólaáfangu en hafa þarf í huga að þetta er ekki einhlítt því mikilvægt er að nemendur fari á eigin hraða í gegnum námið. Á þessu er líka að finna undantekningar varðandi list- og verkgreinar þar sem nemendur í 2. bekk geta verið að vinna á 2.-3. þrepi, nemendur í 7. bekk á 6.-7. þrepi o.s.frv.. Miðstöð menntunar og skólaþjónustu hefur unnið að bættum hæfniviðmiðum og matsþáttum í vetur og enn er ekki séð fyrir endan á þeirri vinnu með hvað hætti skal birta námsmat.

Mötuneyti

Sem fyrr eldar eldhús Naustaskóla fyrir Naustatjörn en einn starfsmaður er yfir á Naustatjörn sem er ráðin af Naustatjörn. Boðið er uppá fríar máltíðir í hádegi og hafragraut í morgunmat fyrir öll börn. Boðið var upp á ávaxtaáskrift sem þarf að greiða fyrir.

Frístund

Að lokinni kennslu gafst 6 – 9 ára nemendum kostur á að vera í Frístund til kl. 16:15.

Þar geta börnin leikið við félagana, verið úti, lesið, fönðrað, hvílt sig og margt fleira. Frístund er opin alla daga sem skólinn starfar, og auk þess í fríum á starfstíma skólans og flestum starfsdögum. Arndís Ósk Arnardóttir Forstöðumaður er Deildarstjóri forvarna og frístundamála og forstöðumaður Frístundar var Lina Pikalova, sl vetur voru rúmeð 80 nemendur mestan part vetrar. Frístund hefur verið inn á kennslusvæðum sl. 13 ár og m.a. nýtt aðstöðu íþróttahúss eftir hádegi en næsta skólaár er stefnt á að frístund fái hluta af sinni aðstöðu en til þessa hefur sú aðstaða verið undir leiksskóladeildir Naustatjarnar sem eru staðsettar í Naustaskóla.

Bókasafn

Áfram hefur verið haldið með að auka við bókakost bókasafns skólans, keypt var inn dálítið af bókum og stöku sinnum hafa borist bókaþjafir frá velunnurum skólans. Safnið er með aðstöðu í rými við sal skólans. Arna Ívarsdóttir var í 50% starfi á bókasafninu og annaðist umsjón með safninu og útlán.

Samstarf við Naustatjörn

Naustaskóli og leikskólinn Naustatjörn hafa með sér nána samvinnu og hafa gert með sér sérstaka samstarfsáætlun þar um. Stofnanirnar samnýta eldhús/mötuneyti.

[Samstarfsáætlun](#) skólanna má nálgast á heimasíðu Naustaskóla.

Endurmat á starfsáætlun í 1. bekk

Námsumhverfi og skipulag

Nemendahópnum var skipt á milli þriggja umsjónarkennara. Við höfum unnið mikið í hringekjum þar sem við skiptum bekknum ýmist upp á 3-4 stöðvar. Einnig höfum við skipt bekknum í tvennt vikulega þar sem helmingur fer í útiskólann með tveimur kennurum og hinn helmingur verður eftir í skólanum í stöðvavinnu með kennara og stuðningsfulltrúum. Þá hefur verið gott að sinna sérþörfum inni í bekknum, skapa rólegt námsumhverfi með góðum vinnufrið. Við höfum nýtt 1. bekkjar rýmið vel, haft innlög t.d. á þremur svæðum s.s. inni á rauða, græna og appelsínugula svæði. Kennarar hafa náð að skipta með sér verkum við skipulag og annað, m.a. út frá áhuga og styrkleikum, og þannig dreift álagi.

Skóladagurinn byrjaði ávallt á sameiginlegum krók þar sem m.a. var farið yfir dagsskipulagið og kennarar skiptust á að hafa umsjón með á meðan hinir kennararnir sinntu sérþörfum og undirbúning fyrir daginn. Við lögðum mikið upp úr byrjendalæsi og stafainnlögn yfir veturinn og stóðst áætlunin um þemun að langmestu leyti. Tveir bókstafir voru lagðir inn í hverri viku og kláraðist stafainnlögn í janúar.

Tónlist var samþætt í starfið yfir veturinn, t.d. var Föstudagslagið sungið alla föstudaga í krók og afmælissöngur sunginn fyrir afmælisbörn og starfsfólk með gítar undirspili. Fyrri hluta vetrar fóru nemendur í skipulagðar kennslustundir í tónmennt með kennara en seinni hluta var einblínt meira á að samþætta tónlist og söng í starfið í stað sérstakra kennslustunda.

Unnið var með jákvæðan aga í öllu starfi eftir bestu getu og nýttum við mörg verkfæri þaðan. Við innleiddum bekkjarfundi í viku jákvæðs aga og eftir það vorum við með bekkjarfundi í lok dags flesta daga vikunnar.

Í stærðfræði var unnið með Neista, Sprota og námsleiki í spjaldtölvum með góðu gengi. Spjaldtölvur voru helst notaðar í formi námsleikja að meðaltali tvisvar sinnum í viku í hringekjum. Á þemadögum var Osmo kynnt fyrir nemendum en við hefðum geta notað það oftar en við gerðum.

Við fórum í margar vettvangsferðir og þáðum öll þau boð í heimsóknir sem okkur bauðst. Oftast var farið með strætó en stundum gengið og gengu þær ferðir mjög vel. Hundrad daga hátíðin var mjög skemmtileg og árshátíðar atriðið gekk einnig mjög vel.

Stoðkennari hefði mátt koma betur að sem leiðtogi byrjendalæsis. Hún náði ekki að sinna því starfi að fullu vegna þess að hún var sett önnur verkefni og kláraði auk þess ekki skólaárið með okkur. Það sem hún leiðbeindi okkur með fyrri hluta skólaárs var mjög vel gert og reyndist okkur vel.

Mánudagarnir þegar börnin fóru í sundrúlluna voru nánast alltaf forföll eða mannekla sem ekki var búið að ráðstafa og umsjónarkennarar fórnðu sínum undirbúning í að skipuleggja og fylgja því eftir að hlutirnir myndu ganga upp. Samráðsfundirnir okkar með stuðningsfulltrúum féllu því alltaf niður vegna þessa. Við sem teymi náðum því ekki að samstillast okkur eins vel og við vildum og stundum gerðist það að upplýsingar til stuðningsfulltrúa komust seint til skila t.d. varðandi breytingar á

skipulagi eða hugaðar vettvangsferðir þá vikuna.

Foreldrasamstarf

Umsjónarkennarar tóku sína umsjónarnemendur í foreldraviðtöl sem gekk mjög vel. Vikulegir föstudagspóstar voru ávallt með mörgum myndum frá starfinu, þær segja meira en mörg orð. Almennt áttum við góð samskipti við foreldra, við lögðum okkur fram að upplýsa þá um allt okkar starf og bekkjarandann. Einnig reyndum við eftir bestu getu að fá þau með okkur að vinna með bættan aga. Við vorum jafnframt að duglegar að hvetja til heimalesturs í vikupóstum.

Kennarar tóku á móti verðandi nemendum sínum í Vorskólanum 2025 en foreldrar barnanna höfðu fengið nokkurra vikna fyrirvara.

Námsaðlögun

Verkefni voru aðlöguð að þörfum og getu nemenda. Sem dæmi í ritunarverkefnum í byrjendalæsi var hægt að velja um að skrifa orð, stuttar eða lengri setningar. Auk þess voru námslotur stytta fyrir þá nemendur sem þurftu. Við lögðum áherslu á að verkefni væru við hæfi og miðuð við getu og skilning nemenda, yfirleitt í samráði við foreldra/forráðamenn og fagfólk. Útbúið var sérúrræði fyrir einn nemenda með námsveri og starfsmanni utan hópsins vegna sérþarfa. Lítið virtist vera um úrræði fyrir nemendur með miklar sérþarfir, þá sérstaklega hegðunarvanda, og tók það mikinn toll af börnum og starfsfólki í 1. bekk ákveðið var að gera námsver sem var einstaklingsúrræði sem verkefnastjóri stoðteymis kom að og gekk allt mun betur fyrir alla aðila.

Samantekt

Þegar við lítum yfir skólaárið erum við sammála um að teymið hafi unnið gott starf með það að leiðarljósi að mæta hverjum nemanda sem best á hans forsendum og getu til náms. Upplýsingaflæði til foreldra var gott og í ákveðnum tilfellum þurfti að hafa meiri samskipti við foreldra/forráðamenn. Við erum almennt ánægðar með samvinnuna og samheldnina í teyminu okkar og þá vinnu og anda sem hefur náðst með nemendahópnum.

Það hefur tekið ákveðinn toll af okkur kennurum að þurfa koma of mikið nálægt því að þurfa manna frímínútur, íþróttaklefa og sundfylgd. Auk þess misstum við úr samráðsfundum okkar vegna þessa vanda sem og vegna manneklu í frístund þar sem stuðningsfulltrúar okkar gátu ekki setið fundina með okkur. Þar sem þetta hlutverk er ekki í okkar verkahring væri mjög gott fyrir stjórnendur að hafa mun betri yfirsýn yfir þessa þætti.

Endurmat á starfsáætlun 2.-3. bekkjar

Námsumhverfi og skipulag

Veturinn einkenndist af teymisvinnu þar sem lögð var áhersla á að 2. og 3. bekkur væri sameiginlegur nemendahópur og að allir starfsmenn teymisins bæru sameiginlega ábyrgð á velferð, námi og daglegu skipulagi nemenda. 2. og 3. bekkur var í árgangblönduðum hópum í smiðjum og sundi en í öðrum kennslustundum vann hvor árgangur á sínu kennslusvæði. Í upphafi vetrar voru 68 nemendur í árganginum og í teyminu störfuðu fimm umsjónarkennarar, stoðkennari og tveir stuðningsfulltrúar. Í enda skólaárs voru fjórir umsjónarkennarar og fimm stuðningsfulltrúar. Stoðkennari lét af störfum mánaðarmótin mars-apríl. Skipulag með heimaborðum, fjölbreyttum vinnusvæðum og hringekjum reyndist almennt vel og gaf kennurum gott svigrúm til að skipta nemendum í minni hópa eftir verkefnum, úthaldi og þörfum hverju sinni. Árið einkenndist jafnframt af því að teymið þurfti að vinna mikið með hegðunarvanda og leita fjölbreyttra leiða til að styðja við nemendur sem áttu erfitt með líðan, sjálfstjórn eða mikið áreiti í skólastarfi. Á vetrinum var námsúrræðið Brúin stofnað og voru fyrstu nemendurnir sem nýttu úrræðið 5 nemendur úr 3. bekk. Tveir nemendur úr 2. bekk nýttu einnig úrræðið að vori. Úrræðið reyndist vel þar sem það gaf nemendum með hegðunarvanda skjól fyrir áreiti, meiri ró og betri aðstæður til náms og félagsfærniþjálfunar.

Kennslusvæðið var nýtt á fjölbreyttan hátt. Heimaborð nýttust sérstaklega vel í upphafi dags og í nestistímum en í kennslustundum var nemendum oft raðað í hópa um allt svæðið. Vel gekk að vinna með sjónrænt og aðgengilegt skipulag á námsgögnum og hjálpargögnum, en áfram þarf að huga að skýrum fyrirmælum, stöðugum rútinum og rólegum vinnusvæðum fyrir nemendur sem þurfa minna áreiti. Hringekjur og stöðvavinna hentugu hópnum vel, sérstaklega þegar stöðvar voru skýrt afmarkaðar og kennarar höfðu ákveðin hlutverk í kennslunni.

Í stærðfræði var unnið með námsefnið Sprota, Stærðfræðispæjara, hlutbundinn efnivið og nýjan stærðfræðileik í Ipad sem heitir Evolytes.

Í byrjendalæsi var mikið unnið í hringekjum. Vel gekk að samþætta íslensku, samfélagsfræði og náttúrufræði og byggja verkefni á gæðatextum, orðaforða, samræðum, ritun og skapandi vinnu.

Jákvæður agi var mikilvægur þáttur í vetrinum. Bekkjarsáttmáli, bekkjarfundir, griðastaður, og vinna með hvatningu, mistök og samvinnu voru nýtt til að styrkja bekkjaranda og félagsfærni. Verkfærin virkuðu best þegar þau voru notuð reglulega og tengd beint við aðstæður sem komu upp í daglegu skólastarfi. Áfram þarf að halda þessari vinnu markvisst á lofti, sérstaklega með skýrri eftirfylgd, sameiginlegu orðalagi kennara og jákvæðri styrkingu.

Útikennslan gaf góð tækifæri til hópeflis, hreyfingar, orðaforðavinnu og umræðu um nærumhverfi og veðurfar. Samkennsla árganga gekk best þegar hópar voru vel skipulagðir, verkefni skýr og mönnum næg. Reynslan sýnir að samkennsla hentar aðeins vel afmörkuðum kennslustundum s.s. í smiðjum,

sundi og ákveðnum þemaverkefnum, en ekki í almennri kennslu í íslensku og stærðfræði.

Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf gekk almennt vel. Haustfundur, foreldrasamtöl og regluleg upplýsingagjöf studdu við gott samband heimilis og skóla. Foreldrasamtöl með börnum reyndust gagnleg þar sem nemendur fengu tækifæri til að segja frá eigin námi, líðan og markmiðum.

Vikulegur föstudagspóstur nýttist vel til að halda utan um helstu upplýsingar, en reynslan sýnir að mikilvægt er að póstarnir séu hnitmiðaðir og skýrir svo foreldrar lesi þau skilaboð sem skipta mestu máli.

Í þeim tilvikum þar sem þurfti aukið samstarf við foreldra, til dæmis vegna náms, líðanar eða hegðunar, reyndist best að hafa samskipti snemma, skýrt og lausnamiðað. Þétt samstarf heimilis og skóla hafði jákvæð áhrif þegar unnið var með sameiginleg markmið, sömu skilaboð og reglulega eftirfylgd. Í báðum árgöngum óskuðu kennarar eftir að foreldrar kæmu í áhorf til að fylgjast með hegðun og frammistöðu barna sinna í skólanum.

Námsaðlögun

Námsaðlögun fór fram í öllum námsgreinum og var einkum unnin í hringekjum, litlum hópum, einstaklingsmiðaðri verkefnavinnu og með stuðningi stoðkennara og stuðningsfulltrúa. Hringekjur auðvelduðu kennurum að hafa misþung verkefni, mæta ólíkri getu og veita nemendum stuðning án þess að það væri mjög sýnilegt eða aðgreinandi. Nemendur gátu unnið á mismunandi hraða og fengu ólíkar leiðir að sömu markmiðum. Námsúrræðið Brúin studdi einnig við námsaðlögun ákveðinna nemenda, sérstaklega þeirra sem áttu erfitt með mikið áreiti eða þurftu meira skipulag og ró. Þar fengu nemendur tækifæri til að vinna í minni hópum og með meiri stuðningi, sem hafði jákvæð áhrif á líðan, einbeitingu og þátttöku í námi.

Vel gekk að nýta sjónrænar leiðbeiningar, stutt fyrirmæli, endurtekningu, iPad-verkefni og afmörkuð vinnusvæði. Sumir nemendur þurftu reglulegar pásur, minni hópa eða rólegri stað til að forðast áreiti og halda einbeitingu. Aðrir þurftu aukna námslega áskorun, meiri dýpt og krefjandi verkefni.

Leiðsagnarnám og fjölbreytt námsmat voru nýtt jafnt og þétt yfir veturinn. Munnleg endurgjöf, verkefnamat og skráning í Mentor hjálpuðu til við að fylgjast með framförum.

Samantekt

Teymisvinna í 2. og 3. bekk var einn af styrkleikum vetrarins. Kennarar deildu ábyrgð, skipulögðu saman, ræddu nemendamál og leituðu lausna þegar áskoranir komu upp. Vikulegir teymisfundir og skipulagsfundir studdu við sameiginlega sýn og hjálpuðu teyminu að halda utan um fjölbreyttan nemendahóp. Gott upplýsingaflæði milli umsjónarkennara, stoðkennara, stuðningsfulltrúa, smiðjukennara, íþróttakennara, skólaliða og stjórnenda skiptir miklu máli og þarf áfram að vera í forgangi. Veturinn einkenndist þó einnig af mikilli vinnu vegna hegðunarvanda hjá hluta

nemendahópsins og fór stór hluti af lausnaleit, samráði og stuðningi í að finna leiðir sem nýttust bæði nemendum og hópnum í heild. Stofnun námsúrræðisins Brúarinnar reyndist mikilvægur þáttur í þeirri vinnu.

Helstu styrkleikar vetrarins voru fjölbreyttir kennsluhættir, samvinna í teyminu, vinna með jákvæðan aga, sveigjanlegt skipulag og vilji til að laga kennsluna að þörfum nemenda.

Endurmat á starfsáætlun 4.-5. bekkjar Námsumhverfi og skipulag

Naustaskóli starfar eftir uppeldistefnu Jákvæðs aga og eru bekkjarfundir hluti af þeirri stefnu.

Bekkjjarfundir eða verkefni tengd jákvæðum aga eru á dagskrá einu sinni í viku. Í upphafi skólaárs gerðu nemendur bekkjarsáttmála sem við höldum á lofti í öllu okkar starfi.

Þar er unnið með samskipti til árangurs, umgengi og vinnusemi. Á bekkjarfundum höfum við verkfæri jákvæðs aga að leiðarljósi, nemendur koma með mál á dagskrá, við spjöllum saman um málefni líðandi stundar og gerum ýmis verkefni til að þjálfa ákveðna þætti. **Þetta hefur gengið mjög vel í báðum árgöngum í vetur og leggjum til að þessu verður haldið á lofti næsta vetur.**

Í vetur munu kennarar leggja aukna áherslu á [leiðsagnarnám](#) og með því styðja nemendur til aukinnar ábyrgðar á eigin námi og sjálfstæðis í vinnubrögðum. Áhersla verður lögð á fjölbreyttar aðferðir í námsmati, svo sem munnlegt mat og verkefnamat. Þá hljóta nemendur leiðbeinandi mat jafnt og þétt yfir skólaárið. Í stuttu máli snýst leiðsagnarnám um að veita nemandanum leiðsögn sem hjálpar honum til að ná þeim markmiðum sem hann stefnir að. Markmiðin þurfa að vera skýr og vel skilgreind svo nemandi, kennari og aðrir sem að náminu koma hafi sama skilning á því hvað sé til marks um að markmiðunum sé náð. **Þetta sömuleiðis gekk vel í báðum árgöngum.**

Við höfum sett okkur það markmið að taka formleg nemendaviðtöl við hvern nemenda tvisvar sinnum á skólaárinu, einu sinni fyrir jól og aftur á vorönn. Í nemendaviðtölum er farið yfir líðan nemenda, félagslega- og námslega stöðu ásamt öðru sem kann að koma upp. Niðurstöður viðtalsins eru skráðar í dagbók nemenda og birtar foreldrum. **Þetta getum við bætt. En við tókum tengslakönnun einu sinni sem kom vel út.**

Þemu vetrarins eru af fjölbreyttum toga og er samþætting í íslensku, samfélags- og náttúrufræði og upplýsingatækni. Í þema leggjum við áherslu á að nemendur öðlist þjálfun í samvinnu við aðra nemendur og vinni að fjölbreyttum verkefnum. Þemu vetrarins eru Ísland og hafið en auk þess verður lögð áhersla á jákvæð samskipti og sjálfsvitund. **Þetta gekk mjög vel og farið var í þemun sem lagt var upp með.**

Nemendur hafa aðgang að Chrome tölvum sem við nýtum okkur til að vinna ýmis verkefni.

Markmiðið er að nemendur kynnist Google umhverfinu og fái æfingu í að rita á lyklaborði. Lítum við

á þetta sem undirbúning fyrir eldri bekk skólans þar sem þau nota tölvur mun meira. **Við gerðum okkar besta miðað við tölvukost/net og aðbúnað. Nemendur þjálfuðust í að skrá sig inn og kynntust Google Classroom umhverfinu. Við mælum með að tölvukostur verði endurskoðaður og það verði til að minnsta kosti eitt bekkjarsett.**

Aðra hverja viku verður útikennsla í hvorum bekk fyrir sig. Stefnt að því að nýta nærumhverfið til náms og leiks, sem og að fara í vettvangsferðir. Áhersla verður á liðsheild og hópefli. Einnig verður mikið lagt upp úr hvernig best er að klæða sig eftir íslensku veðurfari. **Við nýttum Naustaborgir mikið, nærumhverfi skólans, fórum í strætó, heimsóttum útsvæði annarra skóla, fórum á bókasafnið, Listasafnið, Flugsafnið og Minjasafnið. Gekk vonum fram og var mjög skemmtilegt. Mælum með að þessu verði haldið áfram með einhverjum hætti.**

Grunnþættir menntunar

Sköpun - skapandi hugsun er bráðnauðsynlegur þáttur í öllu námi. Í vetur verður lögð rík áhersla á skapandi hugsun og fjölbreyttar námsleiðir. Með áherslu á sköpun í námi undirbúum við börnin fyrir þátttöku í samfélagi, þar sem framtíðin er óráðin, flókin en full af tækifærum.

Ritunarrámminn/kennsluáætlunin sem fylgt er eftir í ritun reynir til að mynda mikið á sköpun nemenda, þar sem þeir þurfa að skrifa fjölbreyttar gerðir texta t.d. dagbókarskrif, ljóð og sögugerð þar sem reynir á þeirra frumkvæði. **Verið gegnum gangandi og leiðandi í skipulagi og skólastarfi hjá okkur í vetur.**

Heilbrigði og velferð snýst um líkamlega, andlega og félagslega heilsu í gegnum allt skólastarfið.

Heilbrigði og velferð nær einnig til mannréttinda, efnahagsmála og stjórnmála. Með námi og kennslu munum við reyna efla andleg heilsu, styðja krakkana félagslega, vinna að því að efla sjálfsmynd þeirra og stuðla að góðum samskiptum. Að auka meðvitund þeirra um tilfinningar, sínar eigin og annarra, að þau þekki styrkleika sína og að styrkja sjálfsmynd þeirra er stór hluti af allri umræðu, skipulagðri sem og almennri umhyggju. Við munum stuðla að jákvæðu viðhorfi til útiveru og hreyfingar heilnæmrar og hollrar næringar. **Útikennsla, félagsfærni, styrkleikar og sjálfsmynd. Umræður um holla næringu og svefn. Samskipta þjálfun, leiklist og 4. bekkur fékk ART þjálfun í 12 vikur. Einstaka nemendur í 5. bekk fóru í valda þætti ART.**

Nemendur fara í íþróttir og sund í hverri viku, í heimilisfræði er farið yfir mataræði og næringu. Skólahjúkrunarfræðingur sér um fræðslu um mikilvægi svefns, næringar og hreyfingar auk þess sem kennarar halda því á lofti almennti lýðheilsu.

Jafnrétti er grundvallarregla í íslensku samfélagi og fléttast það inn í nám og kennslu allt skólaárið. Í skólanum okkar eru nemendur með ólíkan bakgrunn og ólíkar þarfir og er hlutverk kennara að mæta þörfum hvers nemanda. Við tökum margbreytileikanum fagnandi. Skólinn hefur innleitt Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna og erum við nú Réttindaskóli UNICEF. **Greinar mánaðarins**

kynntar nemendum og umræður um þær.

Læsi er sá hluti náms sem fylgir okkur alla daga, öllum stundum og nær yfir marga færni þætti, eiginlegur lestur, samskipti, samvinna, miðlun upplýsinga, að lesa í aðstæður, setja sig í spor annarra, skipta um skoðun o.fl. Í raun má segja að læsi sé úrvinnsla á því sem við sjáum og skynjum. Að því sögðu fléttast nám og kennsla í læsi inn í skólastarfið með ýmsum hætti. Í vetur verður lögð rík áhersla á fjölbreytta ritun og PALS, þar sem nemendur þurfa að setja sig í ýmsar stellingar og nálgast viðfangsefni frá ólíkum hliðum. **Fórum tvisvar á skólaárinu í PALS og mælum með að halda því á lofti því við sáum árangur í lestri og samskiptum. Læsi fléttast inn í allt okkar skólastarf.**

Lýðræði er mikilvægt á vettvangi skólans og við ræktum það viðhorf að samfélag eigi að vera lýðræðislegt. Það er hlutverk okkar fullorðinna sem koma að kennslu og uppeldi barna að kenna þeim að bera virðingu fyrir hvort öðru, hlusta á hvort annað og virða skoðanir hvers annars. **4 nemendur (tveir úr hvorum árgangi) voru í Réttindaráði og fóru reglulega á fundi. (Efni fundanna mætti skila sér betur inn í árganga svo hægt sé að vinna áfram með þetta). Umræður um réttindi okkar og skyldur.**

Sjálfbærni er heildræn nálgun þar sem tillit er tekið til allra þátta sjálfbærs samfélags með skilningi á jafnvægi vistkerfa, líffræðilegum fjölbreytileika, nýtingu auðlinda, loftslagi og velferð. Við ræðum um mikilvægi þess að bera virðingu fyrir umhverfi okkar og náttúru. **Fléttaðist mikið inn í þema vinnu í vetur.**

Teymisvinna / teymiskennsla

Kennarateymið deilir með sér verkefnum og nýtum við styrkleika hverrar annarrar í undirbúningi fyrir nám og kennslu. **Hefðum mátt gera þetta mun betur.**

Áfram verður unnið að því að innleiða leiðsagnarnám í samvinnu við stjórnendur og samstarfsfólk í Naustaskóla. Kennarar teymisins bera sameiginlega ábyrgð á öllum nemendum 4. og 5. bekkjar. **Við tókum ákvörðun um að einblína á árgangaskiptingu en vissulega hjálpuðumst við að og komum með hugmyndir og leiðir þegar þess þurfti.**

Teymisfundur með stjórnanda er einu sinni í viku og skipulagsfundir teymis einnig vikulega.

Umsjónarkennarar hvor árgangs fyrir sig bera sameiginlega ábyrgð á nemendum árgangsins en eiginlegur umsjónarkennari er sá sem hefur samband við heimilið og fær umsjónarnemendur sína í viðtöl. Árgangablöndun er í sundi og smiðjum, einnig þegar við á í hringekjum og þemum.

Námsmat

Námsmat er fjölbreytt og verður lagt fyrir jafn og þétt yfir skólaárið s.s. kannanir, jafningjamat, sjálfsmat og hópverkefni. Leiðsagnarmat er haft að leiðarljósi svo nemendur ígrundi eigin stöðu og öðlist betri námsvitund. Merkt er við markmið á Mentor sem eru sýnileg foreldrum og nemendum.

Gekk mjög vel en jafningjamat var ekki nýtt sem námsmat. Okkur fannst þau vera of ung fyrir

jafningjamat. Við notuðum jafningjamat sem umræðuþætti um hegðun og skólareglur.

Foreldrasamstarf

Haustfundur fyrir foreldra verður haldinn í lok september þar sem farið verður yfir starfið yfir veturinn. Á fundinum fer fram kosning á foreldra fulltrúum fyrir árgangana, fulltrúar frá tveimur börnum úr hvorum árgangi. Vikulegt fréttabréf með helstu upplýsingum úr skólafélaginu sent í lok viku. Foreldrasamtöl með börnum eru einu sinni á haustönn og einu sinni á vorönn. **Þetta gekk allt upp hjá okkur. Við skiptum á milli okkar að senda föstudagspóst en unnum hann alltaf saman. Vorum með lifandi google skjal með punktum sem áttu að fara í póstin.**

Endurmat á starfsáætlun 6. - 7. bekkjar

Jákvæður agi er agastefna Naustaskóla og eru bekkjarfundir hluti af þeirri stefnu. Bekkjarfundir eða verkefni tengd jákvæðum aga eru á dagskrá einu sinni í viku hjá okkur í 6. og 7. bekk. Í október gerðu nemendur bekkjarsáttmála sem við stefnum á að vinna eftir í allan vetur og höldum honum á lofti í öllu okkar starfi. Á bekkjarfundum höfum við verkefni jákvæðs aga að leiðarljósi, nemendur koma með mál á dagskrá, við spjöllum saman um málefni líðandi stundar og gerum ýmis verkefni til að þjálfa ákveðna þætti. Bekkjarfundir voru meira fyrir áramót, en eftir áramót var ART í 7. bekk og við misstum einnig rými undir Brúna svo að bekkjarfundir féllu að miklu leyti niður.

Þemu vetrarins eru af fjölbreyttum toga. Í þema leggjum við áherslu á árgangablöndun nemenda, að nemendur öðlist þjálfun í samvinnu við aðra nemendur og að vinna að fjölbreyttum verkefnum. Þemu vetrarins eru t.d. áhugasviðsverkefni á haust og vorönn, Evrópa, Benjamin dúfa, Trúarbragðafræði, Snorra saga, lífríki í sjó og vötnum. Þemu sem voru kláruð voru Evrópa, Benjamín dúfa og trúarbragðafræði, það var ekki árgangablöndun í þema eins og ákveðið var í upphafi. Samsetning hópanna reyndist flókin, mikið um árekstra og nemendur nutu sín betur í samvinnu í eigin árgangi. Samþætting námsgreina er mjög mikilvægur þáttur í öllu námi sem stundað er í 6. og 7. bekk. Í þema er til dæmis samþætt íslenska, samfélags- og náttúrufræði og upplýsingatækni.

Við vinnum að því að gera nemendur sjálfstæðari í námi og að þau taki ábyrgð á sjálfum sér þegar kemur að hinum ýmsu þáttum lærdóms. Við erum með vinnustundir allajafna þrisvar sinnum í viku þar sem nemendur vinna upp efni sem þau eiga eftir að klára fyrir lok vikunnar. Við leggjum upp með tímasettar áætlanir í stærðfræði sem nemendur fylgja. Eftir hverja áætlun taka þau kaflapróf þar sem hæfni þeirra er metin.

Nemendur hafa aðgang að sinni Chrome tölvu og er markmiðið að gera þau sjálfstæð og ábyrg í umgengni við þau tæki. Við nýtum okkur Google umhverfið í tölvunni, þá helst Google Classroom þar

sem nemendur vinna ýmis verkefni og hafa aðgang að t.d. námsefni og glósum. 6. bekkur fékk ekki allur aðgang að sinni tölvu fyrr en í kringum vetrarfrí/páskafrí. Tölvur þurfa að vera tilbúnar við upphaf skólaárs. Okkur finnst umhugsunarvert að nemendur sem eru að byrja að vinna á tölvur í 6. bekk, fái gamlar tölvur frá unglingastigi. Okkur finnst edlilegra að 6. bekkur fái nýjar tölvur sem fylgja þeim svo upp restina af skólagöngunni. Við létum enga skrifa undir ábyrgðaryfirlýsingu á tölvum þar sem okkur finnst hæpið að gera það fyrir nokkurra ára gamlar tölvur.

Langflesta daga vikunnar vinnum við með ritun, en við vinnum eftir áætlun frá Ásgarði og sú áætlun spannar 36 vikur og fer yfir margt eins og t.d. dagbókarskrif, ljóða- og handritsgerð. Við kennarar erum einnig á námskeiðinu Læsi fyrir lífið og nýtum aðferðir þess við námið. Við ákváðum að einbeita okkur að ritunarramma sem notaður er í Læsi fyrir lífið þar sem innleiðing hans er markvissari hér innanhúss. Það er þó gaman að taka valin atriði úr Ásgarðsáætluninni og vinna að meðfram hinu.

Grunnþættir menntunar

Sköpun er sá grunnþáttur menntunar sem við sjáum allt um kring, vissulega fléttast hann afar mikið við list- og verkgreinar þar sem nemendur vinna mikið í höndunum og sköpunargleði þeirra fær að njóta sín. En til að halda í sköpunargleðina og ímyndunaraflið þá notum við einnig sköpun á kennslusvæði okkar. Þemanám okkar snýst að miklu leyti um sköpun, og að leyfa nemendum að hafa áhrif á lokaafurð þess sem þau eru að vinna að, hvort sem það er með því að búa til heimasíður, hlaðvörp, kort, bæklinga, bækur eða stutt- og teiknimyndir.

Heilbrigði og velferð er mikilvægur partur af skólastarfi, en nemendur fara í íþróttir og sund í hverri viku. Í heimilisfræði og á bekkjarfundum ræðum við ýmis málefni sem stuðla að heilbrigði og velferð. Nemendur okkar fá einnig fræðslu frá skólahjúkrunarfræðingi sem ræðir um mikilvægi næringar, svefns og hreyfingar. Báðir bekkir fóru í útivist vikulega, og voru farnar ýmsar gönguferðir, heimsóknir í söfn og fyrirtæki og náttúruskoðun.

Meðal annars var farið:

Skipulagðar strætóferðir með ákveðin markmið í huga

Flestir leikvöllir annarra grunnskóla á Akureyri

Fjörufurðir og rannsóknarvinna í kjölfarið

Háskólinn á Akureyri - Rannsóknarmiðstöð

Mötuneytið á Hlíð – hjúkrunarheimili

Heimsókn í Verkmenntaskólann

Naustaborgir

Gengið meðfram Gleránni

Crossfít tíma í WC

Mínjasafnið

Kirkjugarðsheimsókn

Skatturinn

Arkitektastofa

Bókasafnið

Slökkviliðið

Fjölbreyttar gönguleiðir

Jafnrétti er leiðarljós í allri vinnu 6. og 7. bekkjar, og Naustaskóla í heild sinni. Við viljum tryggja að nemendur séu virkir þátttakendur í skólastarfinu og að rödd þeirra fái að heyrast. Á bekkjarfundum vinnum við með verkefni jákvæðs aga, þar sem nemendur ræða saman um málefni og atvik sem upp koma og leita lausna í sameiningu. Við leggjum einnig áherslu á að kenna nemendum hvað jafnrétti felur í sér, að undirbúa þá fyrir lífið og að geta unnið í hópi með öllum, óháð því hvort þeir séu vinir þeirra eða ekki. Það er okkur mikilvægt að nemendur læri að virða hver annan og stuðli að jöfnu umhverfi í leik og starfi.

Læsi er lykilþáttur í námi sem fylgir okkur á hverjum degi og í öllum aðstæðum. Við í 6. og 7. bekk munum leggja sérstaka áherslu á læsi í gegnum allt námið, með stuðningi frá Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri og verkfærum þeirra. Til að ná best til nemenda munum við nalgast lestur á fjölbreyttan hátt, eins og með yndislestri, hlustun á sögur og frásagnir, og lestri fréttu, svo nokkur dæmi séu nefnd. Yndislestur var fjölbreyttur í vetur og þeir sem nýttu lestrartímamann illa fengu í staðinn lesskilningsverkefni. Lesið var fyrir nemendur og þeir sem hafa aðgang að Hljóðbókasafninu voru duglegir að nýta það.

Lýðræði stuðlar að því að nemendur verði góðir samfélagsþegnar sem lifa í sátt og samlyndi við aðra, óháð því hverjir þeir eru. Við, sem berum ábyrgð á kennslu og uppeldi barna, höfum það hlutverk að innleiða lýðræðisleg gildi í daglegt skólastarf. Það felur í sér að virða hvert annað, hlusta og taka tillit til ólíkra skoðana. Lýðræðisleg nálgun fléttast í allt skólastarf, hvort sem það er þegar kosið er í lið, þegar kennarar skipta nemendum í hópa, eða þegar nemendur fá val um hvernig þeir vinna og skila verkefnum sínum.

Sjálfbærni nær langt út fyrir endurvinnslu og flokkun, og felur einnig í sér virðingu fyrir náttúrunni og umhverfinu okkar. Í sjálfbærnimenntun lærum við að takast á við ýmis álitamál og ágreiningsefni, þar sem nemendur fá tækifæri til að ræða málefni eins og notkun farsíma í grunnskólum, hvalveiðar eða hlýnun jarðar. Með því að skoða þessi mál fá nemendur dýpri skilning á flækjustigi sjálfbærni og mikilvægi hennar í daglegu lífi.

Teymisvinna / teymiskennsla

Í vetur verður lögð áhersla á samkennslu í 6. og 7. bekk þar sem bekkir munu vinna saman í þematengdum verkefnum, hringekjum, smiðjum og fleiri kennslustundum. Við viljum að nemendur læri strax mikilvægi þess að geta unnið með fjölbreyttum hópum, styrkt hæfni sína til að vinna með

ólíkum einstaklingum og nýta styrkleika allra í hópnum. Blöndun hópanna varð minni en áætlað var í upphafi vegna ólíkra hópa, árekstra innan hópa og plássleysis.

Kennarateymið mun leggja sig fram við að deila verkefnum og undirbúningi og nýta styrkleika hvers og eins í kennslu og áætlanagerð. Auk þess munum við tileinka okkur starfshætti leiðsagnarnáms í samstarfi við stjórnendur Naustaskóla. Við hefðum getað skoðað þennan þátt betur og velt fyrir okkur skiptingu verkefna og áætlana út frá styrkleikum hvers og eins í teyminu.

Við í 6. og 7. bekk tókum sameiginlega ábyrgð á öllum nemendum okkar og stefnum að því að vinna saman að lausnaleyti, skipta álagi jafnt og endurmeta reglulega hvað má bæta til að ná árangri.

Námsumhverfi/skipulag

Skipting í námshópa / umsjónarhópa – hvernig var skipt í hópa og hvernig var hópaskipting notuð

Umsjónarhópar voru ekki blandaðir milli árganga. Sunna og Þórey voru með umsjón í 6. bekk og Unnur og Dagný með umsjón í 7. bekk. Námshópar voru mjög fjölbreyttir yfir veturinn og unnið var með námsfélaga innan bekkjanna.

Stundatafla, dagsskipulag og kennslufyrirkomulag

Unnið var sameiginlega að stundatöflu í haust og voru þær eins hjá báðum bekkjum, utan við sund og íþróttir. Dagsskipulag var ávallt sýnilegt á skjá á svæði og farið vel yfir að morgni.

Kennslufyrirkomulag var mjög fjölbreytt og breytilegt milli faga.

Kennsluhættir/ hvernig var kennt/hvaða aðferðir voru notaðar

Notast var við fjölbreytta kennsluhætti allan veturinn, kennt var í misstórum hópum, mikið um samvinnu nemenda og reynt að ýta undir sjálfstæða vinnu nemenda og námsfélagavinnu í takt við leiðsagnarnám.

Námsaðlögun/skipulag hennar/hvaða leiðir voru farnar

Notast var við einstaklingsmiðun náms í mörgum tilfellum, sér áætlanir, samvinna við ÍSAT kennara varðandi aðlaganir fyrir þá nemendur, dagsskipulag fyrir suma nemendur, einstaklingsborð, sér útbúið námsefni, stöðugar endurskoðanir á námsáætlunum og verkefnum, samvinna við þroskaþjálfara og ýmislegt fleira.

Hvernig voru kennsluáætlanir útfærðar og birtar

Sumar áætlanir voru birtar á Classroom eða Mentor, en þarna er pláss fyrir úrbætur, þ.e. að birta áætlandir undir lotum.

Námsmat

Hvernig var námsmati háttað? kannanir/ skriflegar /munlegar /símat /skráning í markmiðalista
Námsmat var símat, metin voru markmið allan veturinn eftir þær lotur sem voru unnar. Kannanir eru í stærðfræði en í öðrum fögum er meira um mat á skilaverkefnum og kynningum.

Foreldrasamstarf

Hvernig fór foreldrasamstarfið fram.

Haustfundur var haldinn í upphafi skólaárs og var mjög góð mæting á hann. Föstudagspóstur var

sendur heim allan veturinn. Samskipti við foreldra voru mismikil eftir nemendum og í sumum tilfellum var mikið um fundi með foreldrum. 6. Bekkur gisti í skólanum og sáu foreldrar um það, gekk mjög vel. Engin bekkjarkvöld voru haldin af foreldrum.

Föstudagspóstur var sendur alla föstudaga.

Formleg foreldrasamtöl voru tvisvar yfir veturinn.

Nemendasamtöl

Nemendasamtöl fóru fram einu sinni að vori formlega.

Almenn samantekt

Dregnar saman niðurstöður út frá mati á starfsáætlun og hugmyndum til umbóta og hvað má betur fara. Velta upp nýjum hugmyndum til úrbóta fyrir næsta vetur og leiðum með rökstuðningi um af hverju væri betra að gera þetta öðruvísi.

Reyna að ná inn fleiri þemum og meiri blöndun árganga í kennslu. Skipuleggja svæði efri hæðar betur til að þau nýtist enn betur og minnka umgang um kennslusvæði með því að breyta inngöngum og staðsetningu töskuhólfa. Skoða framkvæmd stærðfræðiáætlana, hvort nemendur geti borið meiri ábyrgð á sinni vinnu, að fara yfir og leiðrétt.

Endurmat á starfsáætlun 8. - 10. bekkjar

Við deildina eru 117 nemendur við upphaf kennslu í ágúst 2025. Allir kennarar fá sinn umsjónarhóp sem er þvert á árganga. Hver kennari er því í miklum samskiptum við alla árganga og námshópa. Faggreinaskiptingin heldur áfram á unglíngastigi og er því námsgreinum skipt á milli kennara. Sameiginlega vinnum við þema, vinnustundir, fundi með nemendum og annað uppbrot sem er í skólalagatali og ekki.

Skólaárið 2025-2026 ætla kennarar sér að innleiða leiðsagnarnám með þeim hætti að lykilhæfni, námsmarkmið og hæfniviðmið eru áberandi og höfð upp á borði fyrir nemendur að meðtaka og nýta sér.

Við útskrifuðum 47 nemendur í vor, einn nemandi skipti um skóla á miðju skólaári. Þurfum að útfæra betur hvernig við vinnum að lykilhæfni, misjafnt hversu mikið kennarar voru að setja það í áætlun hjá sér og slíkt. Þarf að vera skýrt frá stjórnendum hvernig þessu á að vera háttað. Það þarf að skipta lykilhæfni upp bæði eftir faggreinum en líka árgöngum, því hæfni þarf að vera metanleg við lok 10. þreps.

Námsumhverfi og skipulag

Náms- og kennsluáætlanir

Námsáætlanir eru settar fram í öllum fögum. Þær eru aðgengilegar bæði nemendum og forráðafólki á

Mentor og Google Classroom. Mikilvægt er að kennsluáætlanir séu skýrar og nemendur geti auðveldlega áttað sig á til hvers er ætlast af þeim og hver markmiðin eru á bakvið hverja námslotu. Við leggjum ríka áherslu á fjölbreytt námsmat sem lagt er fyrir jafnt og þétt yfir skólaveturinn. Við leggjum m.a. fyrir kannanir, ritgerðir, einstaklings-, para- og hópverkefni, sjálfsmat og jafningjamat svo eitthvað sé nefnt. Leiðsagnarmat er haft að leiðarljósi til að stuðla að nemendur ígrundi eigin stöðu, hafi tækifæri á að kynna sér fyrirmyndarverkefni og átti sig betur á því sem þeir þurfa að bæta sig í. Við unglिंगadeild eru 7 kennarar, 1 stoðkennari og 2 stuðningsfulltrúar. Skipting kennslunnar milli kennara er eftirfarandi:

2 í stærðfræði

2 í íslensku

1 í ensku

1 í dönsku

1 í náttúru- og samfélagsfræði

2 í Dam

1 stoðkennari

1 Ísat kennari

Við hófum veturinn með tvö stöðugildi stuðningsfulltrúa. Annar fór í stutt fæðingarorlof og fengum við afleysingu á þeim tíma. Við áramót fengum við þriðja stöðugildið inn til þess að fylgja nemanda sérstaklega eftir. Það varð þó rof á því vegna þess að einn stuðningsfulltrúinn sinni íþróttakennslu tvo daga í viku frá mars-maí. Annar íslenskukennarinn hætti í mars og fengum við allskonar uppfyllingarefni í staðinn, eftir páskafrí fengum við kennara sem brúaði bilið og lauk skólaárinu með okkur.

Námsaðlögun og stoðkennsla

Einn stoðkennari verður í unglिंगateyminu, Kolbrún og vinnur hún, í nánú samstarfi við faggreinakennara, að veita nemendum með námsörðugleika námsefni við hæfi og stuðning. Talið er að þörfin verði meiri fyrir stoðkennslu næsta vetur og þá mun stoðteymið koma meira að skipulagningu stoðkennslunnar og þá jafnvel annar stoðkennari, hún Unnur komi að stoðkennslunni ásamt þroskaþjálfunum Stefaníu og Önnu.

Námsaðlögunin felst í einstaklingsþörfum hvers og eins og miðum við að því að finna hverjar þarfirnar eru hverju sinni. Stoðkennslan snýr að aðlögun námsefnis, sjónrænu skipulagi, gerð vinnukerfa, skipulagningu og námstækni sem og að útbúa einstaklingsnámskrár. Stoðkennari vinnur ýmist með nemendum inn í þeirra námshópi, minni hópum eftir þörfum eða einstaklingslega. Kristín Gísladóttir kemur að nemendum við Unglिंगadeild með annað tungumál en íslensku sem móðurmál.

Nemendasamtöl

Stefnt er að því að hver kennari taki sína umsjónarnemendur í nemendasamtöl með forráðamönnum tvisvar á ári, einu sinni fyrir áramót og einu sinni eftir áramót.

Nemendur fá þannig tækifæri til þess að ræða við sinn kennara undir fjögur augu um það sem hugsanlega liggur þeim á hjarta. Kennarar fá meiri innsýn í stöðu nemenda hvað varðar nám, líðan og félagslega. Einnig eru samskipti við vini og bekkjarfélaga rædd þannig að ef eitthvað er ábótavant getur kennari gefið ráð og leiðbeint með það sem betur má fara. Kennarar eru þó í virku samtali við nemendur allt skólaárið.

Jákvæður agi

Á bekkjarfundum í vetur verður reynt að fara í alla grunnþætti jákvæðs aga til að kenna og efla félagsfærni nemenda. Við ætlum að nýta verkfæri úr Jákvæðs aga bókinni og gera þau aðgengilegri fyrir kennara til þess að þeir noti jákvæðs aga hugmyndir á unglingavæddri hátt til umræðu á bekkjarfundum. Verkfæri verða útprentuð og plöstuð. Yfir veturinn verður hver grunnþáttur tekinn koll af kolli á bekkjarfundum:

<ul style="list-style-type: none">● Að skapa venjur● Mikilvæg störf● Sjálfstjórn● Samskiptafærni● Gagnkvæm virðing	<ul style="list-style-type: none">● Að efla samvinnu● Mistök eru tækifæri til að læra● Hvatning● Að virða fjölbreytileikann● Gildi bekkjarfunda
--	---

Með því að fara í þessa þætti læra nemendur að vinna saman með virðingu að leiðarljósi. Nemendur þróa með sér sjálfstjórn, læra að tjá og skilja hugsanir sínar og tilfinningar. Að auki eru bekkjarfundir nýttir til að til að ræða fjölbreytt málefni og atvik sem koma upp. Nemendur læra að koma sjálfir málum á dagskrá á fundunum sem þeir telja mikilvægt að tekin séu fyrir og rædd. Það verður gert með rafrænum hætti á Classroom hóp umsjónarhóps.

Höfum ekki verið að vinna með jákvæðan aga nógu markvisst í vetur og þurfum að bæta verulega úr því. Stilla þarf upp bekkjarfundum með ákveðið viðfangsefni innan jákvæðs aga í huga, til þess að kynna og ræða það á dýptina með nemendum svo námssamfélagið í heild geti nýtt sér verkfæri þess.

Upplýsingatækni

Á unglingadeildinni í Naustaskóla er upplýsingatækni stór þáttur í daglegu starfi. Lagt er upp með að hver og einn nemandi hafi sína eigin tölvu, hvort sem hann fái hana úthlutaða af skóla eða komi með sína eigin og beri ábyrgð á henni. Hver nemandi er með sinn eigin Google aðgang. Í Google umhverfinu er einna helst notast við Google Classroom, Google Drive og Google Keep. Í Google Classroom eru upplýsingar miðlaðar, kennslufni deilt og nemendur vinna og skila verkefnum.

Lagt er upp með að kennarar noti upplýsingatækni til þess að aðstoða alla nemendur og einna helst þá sem eiga við námsörðugleika að stríða. Þar eru notuð ýmis öpp og vefsíður til þess að styðja við þá þ.á.m. lesa upp texta, þýða þá og fleira. Youtube er töluvert notað til að miðla upplýsingum til nemenda og nemendur fá tækifæri að búa til sín eigin myndbönd tengt náminu. Canva og CapCut eru forrit sem auðga mynd- og myndbandsvinnslu nemenda. Spegluð kennsla er töluvert notuð hjá okkur og hefur reynst vel. Í stærðfræði nýta kennarar forritið Explain everything til að útbúa stærðfræðimyndbönd fyrir nemendur. Það forrit hefur einnig verið notað til að útbúa skýringarmyndbönd í íslensku, meðal annars um málfræði og heimildaskráningu.

Á deildinni er aðgangur að snjallskjá (e. Promithian) þar sem kennari hefur aðgengi að gagnvirkum töflu sem nýtist einna best í náttúru-, samfélags- og stærðfræðikennslu. Þar geta nemendur reiknað, teiknað og tekið myndir og fært inn í tölvutækt form.

Upplýsingatækni þarf að vera markvissari - stefnum á að bæta úr því á næsta skólaári og hafa fasta kennslustund í upplýsingatækni á stundatöflu hjá hverjum hópi. Þar sem þeir fá markvissa kennslu í hvernig á að vinna með ákveðin forrit sem við ætlumst til að þau kunni á hérna á unglingsárinu. Kennarar þurfa að vera duglegri að vinna með snjallskjáinn. Áætlun 2026-2027 byggir á því að allir nemendur fái sömu kynningu og verkefnavinna sé með sama hætti, sem fari svo stigvaxandi og dýpki með hverju árinu á eftir því þannig að viðfangsefni 8. bekkjar sé grunnur að því sem byggt er ofan á í 9. bekk og svo útskrifist þau úr 10. bekk með hæfni sem miðar að upplýsingatækniáflaum í Aðalnámskrá.

Teymisvinna/teymiskennsla

Nemendur eru í árgangablönduðum umsjónarhópum. Hver umsjónarhópur hittist einu sinni í viku á bekkjarfundum. Vinnustundir eru blandaðar og þá hafa nemendur tækifæri til að sitja með nemendum úr öðrum árgöngum. Einnig eru nemendur í vali og smiðjum þar sem árgangarnir blandast. Við vinnum saman í teymi, berum sameiginlega ábyrgð. Nýtum styrkleika hvers og eins og lærum hvert af öðru. Við leggjum saman línurnar fyrir áherslur vetrarins. Teymið hefur skýra verkaskiptingu. Markmið teymisins er að öll deili ábyrgð til jafns og að styrkleikar hvers og eins séu markvisst nýttir á þann hátt sem kemur bæði starfsfólki og nemendum best. Starfsfólk í teyminu skiptir með sér hlutverkum yfir skólaárið. Hlutverkin eru: formaður, ritari og skemmtanastjóri. Formaður sér um að halda utan um málefni á dagskrá á fundum og fundarstjórn. Ritari sér um að rita fundargerðir á fundum og skrifa upplýsingapósta til foreldra/nemenda. Skemmtanastjóri sér um að koma með bakkelsi á fund að minnsta kosti einu sinni á tímabilinu.

Teymið fundar formlega tvisvar sinnum í viku. Á mánudögum verða skipulagsfundir auk þess sem farið verður yfir nemendamál ef þörf er á því. Á þriðjudögum er fundað með deildarstjóra þar sem

farið er yfir trúnaðar- og nemendamál til skiptis.

Purfum að passa betur hvernig samsetning umsjónarhópa er, svo álag kennara sé jafnt. Horfa þarf til þátta líkt og áætlað magn foreldrasamskipta (fundir, símtöl, tölvupóstur), almenna leiðsögn nemandans í daglegu starfi og samskipti við stoðkennara.

Þemanám og samþætting

Samþætting námsgreina er ríkur og mikilvægur hluti af þemanáminu við unglिंगadeildina. Nemendur þurfa að grúska í heimildum sem eru á ensku, íslensku og dönsku. Nemendur þurfa að takast á við fjölbreytt verkefni sem taka á stærð-, náttúru- og samfélagsfræði markmiðum Aðalnámsskrá Grunnskóla. Íslenska eða lesskilningur og ritun, er rauði þráðurinn í flestum verkefnum þemanáms. Í þemanámi höfum við reynt að innleiða meiri hreyfingu og útinám inn í rúlluna sem við höfum í gangi. Ætlunin er að samþætta í auknum mæli, meðal annars verður mikil samþætting milli tungumálanna og samfélagsfræði. Í ofanálag ætlum við að leggja upp úr samþættingarverkefnum með list- og verkgreinum. Auk þess verða fastir þematímar í töflu 80 mínútur á viku. Þannig teljum við að þemanám og samþætting verði sett á oddinn í öllu skipulagi okkar næsta vetur.

Við hefðum mátt gera betur með þematímana. Þeir hefðu mátt vera betur skipulagðir, hafa áætlun sem unnið væri eftir, að samþætting milli námsgreina væri meiri og að allir kennarar væru meira samstíga þegar kæmi að þematímum. Það þarf að hafa ákveðin hæfnimarkmið og lykilhæfni undir í kennsluáætlunum svo nemendur séu virkir þátttakendur í kennslustundum. Væri til dæmis hægt að biðja faggreinakennarana að taka ákveðin markmið úr sinni faggrein og setja inn í þemanám sem er þá hægt að meta á annan hátt en hefður verið gert, því mörg þeirra námsmarkmiða sem liggja fyrir í faggreinum er hægt að meta í samþætту þemanámi, leikjum eða annað slíkt.

Samantekt á starfsáætlun

Á skólaárinu 2025–2026 voru 117 nemendur í unglिंगadeild skólans (116 kláruðu skólaárið) og störfuðu þar teymi kennara, stoðkennara og stuðningsfulltrúa sem sinntu fjölbreyttum þörfum nemenda. Áhersla var lögð á leiðsagnarnám þar sem námsmarkmið, hæfniviðmið og lykilhæfni voru gerð sýnilegri fyrir nemendur. Í endurmati ársins kom þó fram að vinna með lykilhæfni þarf að vera markvissari og betur skipulögð milli árganga og námsgreina.

Kennsla byggðist á fjölbreyttu námsmati, þar á meðal verkefnum, sjálfsmati og jafningjamati. Stoðkennsla og námsaðlögun voru mikilvægir þættir í starfinu og miðað var að því að mæta einstaklingsbundnum þörfum nemenda með stuðningi innan hópa, í smærri hópum eða einstaklingslega. Deildarstjóri félagsmiðstöðvar og frístundar var með skipulagða vinnu hluta vetrar fyrir stúlkur í 8. bekk í sjálfstyrkingu og samskiptum. Félagsmiðstöðvarfulltrúi kom að nokkrum nemendamálum á skólatíma og er í góðu samstarfi við unglिंगateymið. Með þjónustuþyngri hóp þarf þó að bæta verulega í þessa þjónustu. Nemendasamtöl voru haldin reglulega og lögð var áhersla á að

fylgjast með bæði námi og líðan nemenda. Eitt af einkennismerkjum unglिंगadeildar er að við erum í góðum samskiptum við nemendur, höldum á lofti góðu upplýsingaflæði um nemendamál og í deildinni ríkir traust á milli kennara og nemenda.

Jákvæður agi átti að vera leiðarljós í félagsfærni- og bekkjarfundastarfi, en í endurmatinu kom fram að sú vinna hefði ekki verið nægilega markviss og þyrfti að efla hana. Upplýsingatækni gegndi stóru hlutverki í kennslunni með notkun Google-umhverfisins, myndbandsverkefna og ýmissa kennsluforrita. Þó var talið að bæta þyrfti skipulag og kennslu í upplýsingatækni með markvissari uppbyggingu á hæfni milli árganga.

Teymisvinna kennara innan teymis var umfangsmikil og fundað var reglulega um skipulag og nemendamál. Einnig var lögð áhersla á þemanám og samþættingu námsgreina, sérstaklega milli tungumála, samfélagsfræði og list- og verkgreina. Í lok árs var þó mat teymisins að þematímar hefðu mátt vera betur skipulagðir og samþætting markvissari.

Það sem stendur upp úr er skipulag námsins, en hver faggreinakennari vinnur eftir kennsluáætlunum sem eru byggðar á lotum (5-8 vikur eftir atvikum) þar sem nemendur eru metnir eftir hæfniviðmiðum og fá bókstaf eftir hverja lotu. Unglिंगadeild vinnur eftir formerkjum símats. Við lok skólaárs fá nemendur í 8.-9. bekk bæði umsögn og bókstaf. Nemendur í 10. bekk fá bókstaf á útskriftarplagg. Þetta verklag þarf að vera í gildi hjá öllum kennurum sem starfa með unglिंगum og hvetjum við sund- og íþróttakennara ásamt list- og verkgreinakennara til þess að temja sér sama vinnulag. Skipuleggja kennsluáætlanir í lotum og meta nemendur reglulega en það eykur upplýsingaflæði frá skóla yfir til heimilis og er hvetjandi fyrir nemendur. Að sama skapi fylgir það reglum og viðmiðum skólans. Heildarniðurstaða endurmatsins er að styrkja þurfi vinnu með lykilhæfni, jákvæðan aga, upplýsingatækni og samþættingu námsgreina til að bæta námsumhverfi og árangur nemenda enn frekar.

Endurmat á starfsáætlun ÍSAT

Nemendur

Í lok skólaársins 2024-2025 var útlit fyrir að ÍSAT nemendur næsta skólaárs væru 21 talsins út frá skilgreiningu Aðalnámskrár á hverjir teljast ÍSAT nemendur ([sjá kafla 19.4](#)). Þar af voru tveir nemendur sem voru að flytja sig milli skóla innan Akureyrar. Um haustið bættust við fimm ÍSAT nemendur og að auki komu tveir nýir nemendur í mars. Skólaárið 2025-2026 voru ÍSAT nemendur alls 28 talsins, þar af eru 15 nemendur sem teljast til flóttabarna. ÍSAT nemendur skiptust í eftirfarandi bekki:

Bekkur	Fjöldi ÍSAT nemenda
1.b	0
2.b	1
3.b	5
4.b	2
5.b	2
6.b	6
7.b	4
8.b	5
9.b	0
10.b	3
	28

ÍSAT nemendur koma frá eftirfarandi löndum: Bandaríkjunum, Frakklandi, Kólumbíu, Litháen, Póllandi, Úkraínu og Venesúela. Móðurmál nemanda eru því enska, franska, pólska, rússneska, úkraínska og spænska.

ÍSAT teymi

Stöðugildi ÍSAT kennara var í upphafi skólaárs 2,1 en vegna fjölda nemenda var kennsluhlutfallið aukið í 2,7 stöðugildi. Til viðbótar er verkefnastjóri ÍSAT í 40% stöðu (0,4 stöðuhlutfalli).

ÍSAT teymi

Stöðugildi ÍSAT kennara var í upphafi skólaárs 2,1 en vegna fjölda nemenda var kennsluhlutfallið aukið í 2,7 stöðugildi. Til viðbótar er verkefnastjóri ÍSAT í 40% stöðu (0,4 stöðuhlutfalli).

Hver ÍSAT kennari sérhæfir sig í kennslu nemanda á ákveðnu aldurstigi og vinnur að skipulagningu með kennarateyminum þess stigs. Vegna mismunandi fjölda nemenda á hverju aldurstigi er kennsluhlutfall á hverju stigi mismikið. ÍSAT kennarar eru:

- Sunna Alexandersdóttir, 50% yngsta stig (1. – 3. bekkur)
- Hrönn Rúnarsdóttir 100% miðstig
- Kittý Ásgeirsdóttir, 50% miðstig
- Kristín Margrét Gísladóttir, 60% unglingastig

Samtals 2,6 stöðugildi í ÍSAT kennslu

Móttaka og úthlutun kennslutíma

Verkefnastjóri sér um móttöku erlendra nemenda og hefur yfirsýn yfir málefni þeirra. Verkefnastjóri mun fylgja eftir móttöku þeirra nemenda sem byrjuðu á vorönn, ásamt því að skipuleggja og fylgja eftir móttöku og aðlögun þeirra nemenda sem komu til okkar á skólaárinu. Einnig lagði verkefnastjóri ÍSAT stöðumatið [Stikum af stað](#) fyrir þá nemendur sem komu nýir í skólann, bæði læsis- og stærðfræðihlutann.

Verkefnastjóri og ÍSAT kennarar byrjuðu skólaárið á því að úthluta ÍSAT nemendum kennslustundir út frá [viðmiðunarstundatöflu](#) fyrir íslensku sem annað tungumál. Við val á tímasetningu ÍSAT kennslustunda er haft samráð við kennarateymi á yngsta- og miðstigi og fundinn tími sem hentar hverjum nemanda best. Nemendur á unglíngastigi fá ÍSAT kennslustundir þegar samnemendur þeirra eru í íslensku og dönsku, ásamt stökum vinnustundum.

Námsumhverfi

Eitt af megin markmiðum ÍSAT kennara er að skapa nemendum jákvætt og öruggt námsumhverfi. Það er mikilvægt svo nemendur þori að tala, séu óhræddir við að gera mistök og upplifi að fjöltyngi sé jákvætt.

Allir nýir ÍSAT nemendur fá spjaldtölvu til afnota í skólanum sem fylgir þeim í náminu á meðan þeir teljast ÍSAT nemendur og eftir þörfum. Þannig geta nemendur tjáð sig á sínu tungumáli, þýtt texta eða notað viðbætur sem styðja þá í íslenskunáminu og í öðrum námsgreinum.

Kennslan fer ýmist fram í ÍSAT-kennslustofu, sem er sérsniðin fyrir ÍSAT nemendur, eða inn á kennslusvæðum nemendanna. Fjöldi nemenda er mismunandi í hverri kennslustund sem gefur tækifæri á sveigjanleika, fjölbreyttum kennsluaðferðum, einstaklingskennslu, para- og hópavinnu. Leitast er eftir því að nota fjölbreyttar kennsluaðferðir og námsefni. Einnig leggjum við áherslu á samskipti og munnlega tjáningu.

Mikil námsaðlögun á sér stað í ÍSAT kennslu þar sem nemendur hafa mismunandi námsbakgrunn sem og hafa dvalið á landinu í mislangan tíma. Námsfyrirkomulag hvers og eins er því einstaklingsmiðað og unnið út frá stöðu og þörfum viðkomandi. Námið er skipulagt út frá námsmarkmiðum og fer hver og einn á sínum hraða í gegnum markmiðin. ÍSAT kennarar koma einnig að námsaðlögun einstakra nemenda í öðrum fögum en íslensku, ýmist af frumkvæði ÍSAT kennara eða að beiðni annarra kennara. Námsaðlögunin felst ekki bara í íslenskukennslu heldur snýst hún líka um að kenna nemendum að vera sjálfstæð og virk í skólastarfinu bæði í námi og leik. Í námsaðlögun felst að kenna nemendum að nýta sér þær bjargir sem í boði eru t.d. spjaldtölvu, ýmis kennsluforrit, sjónrænt skipulag o.fl.

Þar sem ÍSAT kennsla nær til allra stiga skólans er óhjákvæmilegt að skipulag og áherslur séu mismunandi milli yngsta, mið og elsta stigs.

Á yngsta stigi er unnið í anda byrjendalæsis. Unnið er með þemapakka í 4 - 6 vikur í senn, reynt er að hafa verkefni fjölbreytt þar sem lögð er áhersla á lestur, tjáningu, hugtakaskilning og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Á miðstigi eru fjórtán ÍSAT-nemendur og tveir kennarar í einni og hálfri stöðu. Það var í upphafi vetrar lögð áhersla á jákvætt og hvetjandi námsumhverfi þar sem nemendur upplifa öryggi og hlýju. Auk þess var áhersla á að koma til móts við þarfir ólíkra nemenda. Námið var sett fram í þemum s.s. heimili, skóli, fjölskylda, föt, matur, tölur og tími, náttúra, jól, hrekkjavaka o.fl. Unnið var markvisst með orðaforðakennslu, málnotkun og ríkulegt málumhverfi, lestur og lesskilning og ritun. Kennsla stýrðist af stundatöflu nemenda hverju sinni þannig að nemendur fengju íslenskukennslu þegar nám inn í bekk var ekki við þeirra hæfi. ÍSAT - kennarar reyndu eftir bestu getu að styðja nemendur í þemanámi umsjónarþekkingar s.s. í náttúrufræði og samfélagsfræði með orðalistum, námsefnisaðlögun og einstaklingskennslu/hópavinnu.

Á elsta stigi er skipulag ÍSAT kennslunnar í takt við skipulagið á unglingsstigi þar sem stundatöflur nemenda innihalda ýmist kennslustundir í námsgreinum eða vinnustundir. Miðað er við að í stað íslensku og dönsku eru nemendur í ÍSAT auk þess sem svigrúm er til að skipta út stökum vinnustundum fyrir ÍSAT. Á unglingsstigi vinna nemendur eftir áætlunum í öllum námsfögum og fá nemendur áætlun í ÍSAT fyrir viku í senn. ÍSAT kennslustundir eru því ýmist með áherslu á innlagnir, samræður eða vinnustundir. Nemendur hafa svigrúm til að vinna á sínum hraða í námsefninu sem og að nota ÍSAT vinnustundir til að fá aðstoð í öðrum námsgreinum.

Áfram munum við ÍSAT kennarar þróa kennsluhætti okkar og nýta þann námsefnisbanka sem við höfum komið okkur upp í sambland við nýútgefið námsefni ætlað til kennslu í ÍSAT.

Námsmat

ÍSAT kennarar sjá um að merkja í markmið hvers nemanda út frá því á hvaða stigi hann er staddur (hæfniviðmið í Íslensku sem annað tungumál). Námsferill hvers nemanda er breytilegur og ekki eins háður tímaramma og í öðrum námsgreinum. Hver nemandi vinnur út frá sinni getu og hefur tækifæri til að fara í gegnum ÍSAT hæfnistigin þrjú (fjögur í sumum tilvikum) á þeim tíma sem hann þarf. Það krefst sífelldrar endurgjafar sem og endurmats á námi og kennslu.

Þar sem lestrarþjálfun er ein af áherslum ÍSAT kennslunnar taka ÍSAT kennarar þátt í eða eru til ráðgjafar þegar Lesferill er lagður fyrir nemendur (leshraði og lesskilningur). Einnig taka ÍSAT kennarar þátt í að fylgja eftir að heimalestri sé sinnt í samvinnu við umsjónarkennara. Fyrirkomulag heimalestrar ÍSAT nemenda er eitt af þeim verkefnum sem ÍSAT kennarar vilja þróa. Áherslan er þá á

aðgengi nemenda að hentugu lesefni bæði á íslensku og móðurmáli.

Í námsmati er fjölbreytileiki hafður að leiðarljósi en mestmegnis er stuðst við símat og leiðsagnarmat í kennslunni með hliðsjón af þróunarvinnu skólans í tengslum við leiðsagnarmat. Lögð voru fyrir stigspróf í lok hvers stigs og stuðst var við niðurstöður þeirra í námsmati nemenda. Prófin eru enn í þróun og því einungis nýtt til viðmiðunar við námsmat ásamt öðru efni.

Umsjónarkennarar og faggreinakennarar sjá um námsmat annarra námsgreina. Í sumum tilfellum eru ÍSAT nemendur einnig metnir út frá markmiðum jafnaldra í íslensku.

Þrír nemendur eru í útskriftarárgangi og tekur verkefnastjóri þátt í skólaskilum þeirra. ÍSAT kennari brúar bilið á milli skólastiga í samvinnu við námsráðgjafa, umsjónarkennara nemendanna og forráðamanna.

Foreldrasamstarf

Verkefnastjóri ÍSAT sinnir foreldrasamskiptum á meðan aðlögun stendur. Að aðlögun lokinni taka umsjónarkennarar við foreldrasamskiptum.

ÍSAT kennarar koma að undirbúningi foreldraviðtala ÍSAT nemenda og sitja foreldraviðtöl eftir þörfum og óskum umsjónarkennara. Verkefnastjóri sér um að bóka foreldraviðtöl og túlkapjónustu fyrir ÍSAT nemendur. Það sama á við um fundi í framhaldsskólum vegna ÍSAT nemenda sem þurfa námskynningu.

Allir nemendur sem teljast til flóttabarna eru skráð á fyrsta stig farsældar samkvæmt farsældarlögum. Í þeim tilvikum sem stofnað er þjónustuteymi vegna námslegrar stöðu nemenda er verkefnastjóri staðgengill fyrir tengilið skólans á fundum. Einnig sitja ÍSAT kennarar fundina ásamt umsjónarkennara nemandans.

Þegar þörf þykir á frekari íhlutun taka ÍSAT kennarar þátt í samstarfi við foreldra, t.d. varðandi heimanám, uppbrotsdaga, tómstundir og sumarfrístundir.

Nemendasamtöl

ÍSAT kennarar eru í nánnum samskiptum við ÍSAT nemendur og myndast oft mikið traust. Þar af leiðandi er oft samkomulag milli umsjónarkennara og ÍSAT kennara um hvor þeirra tekur samtalið. Það sama á við um fyrirlögn tengslakannana og fleiri þátta sem snúa að líðan í skólanum og félagslegri stöðu.

Samantekt

Á þessu skólaári voru fjórir kennarar sem komu að kennslu ÍSAT. Mikill auður er í tungumálakunnáttu starfsmanna skólans og hefur það reynst ÍSAT kennurum og nemendum vel í

vetur. Áfram viljum við bæta inngildingu erlendra nemenda (og starfsmanna) t.d. með sýnileika fjölmenningar í skólanum og að virkja nemendur og fjölskyldur þeirra utan kennslustofunnar, t.d. í viðburðum, nemendaráði o.s.fv.

Í vetur var annað kennsluárið þar sem ÍSAT kennarar skiptu sér á hvert stig skólans og skilar það betri yfirsýn og utanumhaldi. Á næsta skólaári er útlit fyrir að ÍSAT teymið verði óbreytt og er það þá í fyrsta skipti sem teymið helst óbreytt milli ára. Við sjáum kost í því að geta haldið áfram að þróa starfshætti okkar og ÍSAT kennslunnar í Naustaskóla. Síðustu ár hefur samvinna milli ÍSAT kennara annarra skóla aukist og höfum við nýtt hugmyndir og verkefni sem við höfum fengið kynningu á, t.d. í tengslum við námsorðaforða, námsspil og notkunar á námsforritum. Á næsta skólaári stefnum við á að leggja áherslu á að þróa eftirfarandi þætti í tengslum við nám og kennsluhætti:

- Þema vinna (ÍSAT orðaforði) á yngsta- og miðstigi hefur gefið góða raun.
- Notkun fjölbreyttra kennsluforríta, t.d. ANTON, Wordwall, Orðalykill, Graphogame, Bitsboard, Google Classroom, Catchy o.flr.
- Áhersla á fjölbreytt spil sem vinna með orðaforða og tjáningu.

Samskipti milli ÍSAT kennara og umsjónarkennara eru góð. Að okkar mati eru skilin á milli ábyrgðar ÍSAT kennara og umsjónarkennar stundum óljós t.d. þegar upp koma mál tengd hegðun, líðan nemenda eða foreldrasamskiptum. Þegar margir koma að sama nemendanum er hætta á að ákveðin mál falli milli skips og bryggju ef verkaskipting er ekki skýr. Þarna sjáum við tækifæri til umbóta.

[Hér má sjá móttökuáætlun](#) fyrir erlenda nemendur.

Endurmat á starfsáætlun íþróttateymis

Námsumhverfi/skipulag

Í íþróttum komu nemendur að þessu sinni í sínum árgöngum. Sem var aðeins breyting frá því árinu á undan þegar 4. og 5. bekkur voru saman. Ekki þótti marktækur munur á milli ára með hvernig gekk er litið er til hópaskiptingarinar. Kostir og gallar eru við báðar útfærslur. Oft er unnið í smærri hópum í tímunum og beitum við fjölbreyttum aðferðum við hópaskiptinguna. Notum við þá aðferðir líkt og skipta eftir stærð, afmælisdögum, afmælistíðum, íþróttaiðkun, vinum og stundum ráða þau sjálf. Mikilvægt er að okkar mati að hafa þetta fjölbreytt og kenna þeim að vinna með hverjum sem er. Í upphafi skólaárs voru við með bóklegan íþróttatíma þar sem var farið yfir öll helstu atriði, reglur og fyrirkomulag og hvað væri ætlast til af nemendum.

Íþróttakennarar sáu um að skipta í sundhópa í flestum árgöngum nema 1. bekk þar sem sundhópar réðust af þátttöku í frístund sem er eftir að skóla líkur. Í unglingsdeild komu nemendur í sínum námshópum. Blandaðir hópar voru í 2. – 3. bekk, og frá 4. bekk og upp komu árgangaskiptir hópar.

Tveir sundhópar voru í öllum árgangaskiptum hópum nema þá í 10. bekk þar sem voru þrír hópar vegna fjölda. Í 2. og 3. bekk þar sem um blandaða hópa var upphaflega skipt í 5 hópa en eftir áramót, þegar fækkaði í teyminu okkar, fórum við í 4 hópa. Sú breyting gerði okkur aðeins erfitt fyrir því að fjöldinn í hverjum hóp var á þolmörkum og þurftum við að hafa annan starfsmann með til að fylgja öryggisreglum.

Þetta skólaár var það fyrsta eftir að breytingin með sundkennslu í unglingadeild var gerð. Að þessu sinni voru allir árgangar í skólasundi allt skólaárið sem var breyting frá árinu á undan. Af þeim sökum tókum við fyrsta stundtímann á skólaárinu hjá unglingum, sem var bóklegur, í að kynna fyrir þeim þessa nýju útfærslu. Eins fórum við yfir skipulag og uppsetningu sundkennslunnar, reglur og hvað væri ætlast til af nemendum.

Stundatafla ársins var vel upp sett og fengu kennarar tækifæri á kaffitímum og hádegismat og eins var gott flæði milli tímana sem auðveldaði uppsetningu að mestu leiti. Aftur á móti var skipulagið aðeins flóknara og erfiðara eftir að einn kennarinn úr teyminu fór í orlof, þá var minna um tíma til undirbúnings, kaffi og frímínútur.

Mánudagur var mjög góður og og hélt gott skipulag frbá því árinu á undan. Smá bras var með að skipta úr unglingadeild og í 2. bekk en það hófst með góðu skipulagi. Eins var tíminn tæpur milli íþróttta og sundtímana en það gekk upp. Sundkennsla í 1. bekk í lendingarlaus er einstaklega óhentug og voru þau í sundi til kl.13:40 þegar á álagastímum, var margt um manninn í lauginni.

Þriðjudagar voru krefjandi þar sem engin pása var á milli tíma frá kl. 8:10 -11:30. Ef einn íþróttakennari er veikur eða frá þurfa þeir kennarar sem eru á staðnum, stundum bara einn, að kenna pásulaust frá kl. 08:10 – 11:30. Ef stuðningsfulltrúar eru virkir og hjálpa til inni í sal getum við hoppað fram á salernið eða fengið okkur smá vatn og eitthvað í gogginn.

Miðvikudagar voru sunddagar bæði hjá unglingum, 2.og 3.bekki og 6. og 7.bekki sem virkaði mjög vel og hópaskiptingarnar gengu vel og kennslan eftir því. Krefjandi var að kenna 2-3 bekk í lendingalaus samt.

Fimmtudagar voru aftur betri en í fyrra upp á samsetningu árganga. Fyrstu fimm árgangarnir í skólanum voru í íþróttum þennan dag sem hjálpaði mikið upp á uppsetningu og skipulag.

Föstudagar voru flottir því flæðið var mjög gott. Unglingarnir byrjuðu í fyrstu þremur tímum og svo kom 6. Og 7. bekkur þar á eftir.

Heilt yfir var stundataflan mjög góð en við setjum athugasemd við unglingadeildina þar sem við þurftum að gefa eftir 5 mínútur af hverjum íþróttatíma hjá bæði 8. og 10. bekk til þess að þau gætu komið á réttum tíma í næsta tíma. Mikilvægt að gefa þeim smá andrými til að fara í sturtu.

Skipting íþróttakennara í sambandi við kennslu árganga þetta árið var mjög gott. Daníela hélt utan um sundið í 1., 2. og 3. bekk en að öðru leiti þá vorum við með aðkomu að öllum bekkjum. Það fyrirkomulag gekk bara mjög vel.

Við notum fjölbreytta kennsluhætti. Nemendur fá oftast upplýsingar um verkefni tímans á stórrí tússtöflu. Markmið tímans í upphafi er að allir sitja saman í miðju rýminu og skilja hvað er þeim fyrir höndum í tíma dagsins. Þar gefst nemendum tækifæri til að spyrja og glöggva sig á verkefni tímans ef eitthvað er óljóst. Eftir það samtal er þeim svo skipt í hópa eða send af stað í leiki og æfingar. Við komum svo aftur saman í lok tímans og reynum að taka saman niðurstöðu stundarinnar þar sem markmið okkar er að róa þau niður fyrir sturtuna.

Árinu skiptum við í þemu eins og við höfum gert hingað til og reynum að skipta þemunum í samræmi við það sem er að gerast í samfélaginu okkar. Markmið okkar er að setja þemaskipulag inn á heimasíðu skólans fyrir alla að sjá. Annars hefur það alltaf hangið fyrir utan íþróttasalinn fyrir nemendur að sjá. Kennsluáætlanir fóru inn á mentor og bjuggum við til lotur á skólaárinu. Þar gátu nemendur og foreldrar séð hvað væri verið að vinna með hverju sinni, að hvaða markmiðum og hvert viðfangsefnið var.

Við erum tilbúin að kenna hvaða stigi sem er og finnst okkur gaman að hafa þennan fjölbreytileika að kenna öllum aldursstigum.

Markmið okkar fyrir næsta vetur er að koma á meiri reglu og ró í upphafi hvers tíma svo hægt sé að lesa upp og kynna vel efni tímans. Þá væri hægt að fara yfir markmið og áherslur.

Námsgreinar

Við kennum íþróttir og sund. Fylgjum stefnu skólans eftir bestu getu. Við gerðum enga bekkjarsáttmála þetta árið en stefnum á að gera það á næsta ári. Við vorum með bóklega tíma í upphafi skólaárs þar sem kjörið væri að fara yfir slík mál. Einnig langar okkur að nýta töfluna sem áminning til þeirra, kannski ein setning í viku sem segir eitthvað um reglur inni í sal, markmið dagsins, hvetjandi skilaboð til þeirra, o.þ.h.

Sundið er kennt í sundlaug Akureyrar þar sem við erum hluti af starfstöð utan Naustaskóla sem hefur allskonar samskipti og skipulag með í för sem gekk heilt yfir vel en hefði mátt ganga betur. Auðvitað var það vegna þess að margar breytingar hafa átt sér stað á staðnum. Innilaugin er búin að vera í viðgerð en verður vonandi klár í upphafi næsta skólaárs. Einstaka tímar féllu niður út af veðir eða viðgerðum í lauginni og fórum við þá með hópana í íþróttatíma í staðinn.

Íþróttir voru utanhúss í 5 vikur að hausti og aftur að vori og er það alltaf jafn gaman og veðrið leikur við okkur flest alla daga. Þar erum við að kynna fyrir nemendum okkar allskyns útileiki og hjóla, hlaupa og ganga með þau um okkar nánasta umhverfi með von um að kveikja hjá þeim löngun og forvitni til að njóta á eigin forsendum.

Námsmat

Íþróttakennarar skrá markmið þegar við höfum náð að skrá hjá okkur getu og hæfni nemenda sem við reynum að gera tvisvar til þrisvar yfir árið, eða jafnóðum ef það á við. Í ár sendum við umsagnir um alla á seinni viðtalsdegi sem gekk mjög vel og féll í góðan jarðveg umsjónarkennara, foreldra og nemenda.

Foreldrasamstarf

Samstarf við foreldra gekk vel. Við höfðum samband heim ef þurfti varðandi íþrótt- og sundkennslu. Ef um stór atvik er að ræða gerum við það símleiðis og samdægurs ef það er hægt. Annars notumst við við mentor.

Almenn samantekt

Veturinn hefur gengið vel. Við sáum um skipulag ólympíuhlaups ÍSÍ, Grunnskólamót í fótbolta fyrir unglíngastig, Útivistardagsins að hausti, sáum um skipulag á nemendadeginum, komum að skipulagi á hæfileikakeppnina nemenda, komum að skipulagi árshátíðarinnar ásamt ísat og list- og verkgreinakennurum sem gekk vonum framar, mjög gott að hafa fleiri í því skipulagi og vonumst eftir því að það verði aftur þannig. Við komum að skólahreysti skipulaginu, settum saman lið og vorum í höllinni. Við sáum um skipulag grunnskólamótsins í Softball fyrir 5. og 6.bekk, komum einnig að skipulagi vorþemadaganna og sáum um Unicef hlaup að vori.

Við teljum okkur mjög sveigjanleg í starfi til að láta skólastarfið ganga sem best. Við mætum oft utan okkar vinnutíma til að setja upp leiki og verkefni skólanum í hag og myndum vilja að því sé haldið til haga og metið að verðleikum.

Náms- og starfsráðgjafi

Dagný Björg hélt áfram í starfi sínu sem náms- og starfsráðgjafi í vetur og kláraði meistargráðu í Náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands á vorönn. Starfshlutfall hennar hélt áfram að vera 80% náms- og starfsráðgjafi við skólann og 20% verkefnastjóri tengiliða vegna farsældar barna.

Náms- og starfsráðgjafi vinnur í nánu samstarfi við stjórnendur og starfsfólk skólans, sérfræðinga, foreldra og aðra í samfélaginu sem koma að málum barna og tengjast velferð þeirra. Persónuleg ráðgjöf snýst meðal annars um aðstoð við einstaka nemendur við að takast á við persónuleg og félagsleg vandamál sem hafa áhrif á skólagönguna ásamt hefðbundinni námsráðgjöf. Starf náms- og

starfsráðgjafa hefur í vetur að miklu leyti falist í persónulegri ráðgjöf og vinnu með einstaka hópum og fræðslu. Snemmtæk íhlutun er góð forvörn og getur komið í veg fyrir aukinn vanda síðar á ævinni.

Viðtöl

Veturinn 2025-2026 voru nemendur í Naustaskóla 339 talsins við skólalok. Rétt eins og árið á undan var mesti þunginn í einstaklingsviðtölum en það voru um 143 nemendur sem komu í viðtal en fjöldi viðtala var 421 skipti, fyrir utan framhaldsskólaviðtöl við 10. bekk en með þeim voru viðtöl 487 skipti. Kynjaskipting var ójöfn, en um 72% nemenda voru stúlkur, 26% drengir og 2% kynsegin. Hinsvegar í óformlegum viðtölum eru strákarnir mun líklegri til að nýta sér samtál á ganginum í sófanum þar eða inn á kennslusvæði, það er eins og það sé stundum erfið skrefin inn á skrifstofu. Ýmist óskuðu nemendur sjálfir, foreldrar þeirra eða kennarar eftir viðtali við námsráðgjafa og reyndi námsráðgjafi eftir fremsta megni að fylgja þessum málum eftir.

Samstarf

Námsráðgjafi sat fundi nemendaverndarráðs einu sinni í viku, sat í Stodteymi og kom að öðrum málum þar sem óskað var eftir. Hann var einnig í forvarnarteymi skólans, hafði umsjón með réttindaráði og sat flesta fundi í teymi unglíngadeildar. Einnig sat ráðgjafi fundi með öðrum teyimum ef þess var óskað. Náms- og starfsráðgjafinn sinnti vinnu vegna samskiptavandamála sem gerðu vart við sig í mismunandi árgöngum og kom að því að fylgja eftir tengslakönnunum sem lagðar voru fyrir alla árganga.

Samstarf við aðra náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum Akureyrar er til fyrirmyndar og voru fundir með þeim um það bil aðra hverja viku. Námsráðgjafar grunnskólanna héldu Starfamessu sem haldin var í Háskóla Akureyrar fyrir nemendur í 9. og 10. bekk á svæðinu og mættu hátt í 1000 nemendur af Norðurlandi eystra. Frábært verkefni sem tókst vel til.

Gott samstarf er við náms- og starfsráðgjafa framhaldsskólanna í bænum. Fundað er með þeim bæði að hausti og vori ásamt því að heimsóknir í framhaldsskólana eru skipulagðar í gegnum námsráðgjafana og einnig koma þeir með kynningar í 9. bekk að vori. Á þessu skólaári fór 10. bekkur í heimsókn að hausti í MA og VMA en að vori kom Laugaskóli með kynningu í bæði 9. og 10. bekk. Áætlað er að fara í heimsókn til Laugaskóla vorið 2027 en það hefur verið hefð fyrir því annað hvert ár.

Samvinna við Félak breyttist vegna breytinga á sviðinu og starfa þau nú innan skólanna og skipuleggja áfram fræðslu inn á flesta árganga skólans ásamt því að þau Arndís deildarstjóri og Tómas Félagsmiðstöðvafulltrúi koma beint að samskipta- og hegðunarmálum. Þar sem þau voru að aðlagast starfinu og miklar breytingar sem því fylgdu voru ekki fastir fundir með námsráðgjafa og Félak í vetur en þess í stað samfellt samtál. Legg þó til að næsta skólaár verði reglulegir fundir til dæmis til að halda betur utan um Skólasmiðju, Samskiptaverkefni og fleira þess háttar verkefni.

Náms- og starfsráðgjafinn fylgdi nemendum sem þurftu stuðning upp í framhaldsskóla, sem fól í sér

fund með foreldrum, barninu sjálfu og brautarstjóra vegna umsóknar á Starfsbraut og/eða sérnámsbraut. Einnig fór námsráðgjafi á nokkra fundi með unglingum og/eða unglingum með foreldrum á fund með námsráðgjöfum skólanna til að aðstoða frekar við skólaskiptin.

Fræðsla og námskeið

Framtíðarviðtöl voru virkilega vel nýtt þegar leið á skólaárið. Opnir tímar voru á fimmtudögum en endaði þó í að nokkrir nemendur í 10. bekk voru ansi stressuð og komu utan þess tíma og jafnvel oftar en einu sinni. **Félagsmiðstöðvarfulltrúi og deildarstjóri forvarna- og frístundarmála** skipuleggja forvarnafræðslu fyrir skólann þau sjá ýmist sjálf um fræðslur og jafnframt stýra utanaðkomandi fræðslum sem koma inn í grunnskólanna. Námsráðgjafi sat meirihluta þeirrar fræðslu sem kom inn í skólann í vetur.

Hér má sá þær fræðslur sem voru í vetur.

10., 9. og 8. bekkur: Sjúkást

10. bekkur: Kynfræðsla – Sigga Dögg

10. bekkur: Vímuefnafræðsla

10. bekkur: Réttindi og skyldur á vinnumarkaði - FVSA

10. bekkur: Markmiðasetning og sjálfið – Þorgrímur Þránínsson

9. bekkur: Sjálfsmynd og líkamsmynd

9. bekkur: Kynfræðsla

8. bekkur: Fíkn og fíknihæðun

8. bekkur: Kynfræðsla

8. bekkur: Stafrænt ofbeldi, flutt af Félak en unnið af lögreglunni

7. bekkur: Vape og nikótín fræðsla

3., 6. og 9. bekkur: Hinsegin fræðsla frá Samtökunum 78

6. bekkur: Samskipti og ég

5. bekkur: Netíð og samskiptamiðlar

3. bekkur: Leyndarmálið, *segjum nei, segjum frá* (náms- og starfsráðgjafi)

2. bekkur: Krakkarnir í hverfinu. Brúðuleikhús.

1. bekkur: Líkami minn (skólahjúkrunarfræðingur)

Fræðsla sem ég persónulega sakna þess að sjá inn á unglingadeild er Fáðu já, kannski kominn tími á að færa hana aftur inn með einhverri uppfærslu.

Hvað gekk vel

Árið 2025-2026 einkennist af góðum árangri í að ná til nemenda, sérstaklega á unglingadeildinni. Með því að byrja flesta daga þar inni og taka stöðuna á einstaklingum sem þurftu aukið aðhald og stuðning náðist betri tengsl við unglinga. Þessi nálgun reyndist vel þar sem mörg ungmenni fengu sinn tíma og stuðning, hvort sem var í formlegu viðtali eða óformlegum samtölum. Námsráðgjafi byrjaði á þessu

veturinn á undan og hélt því áfram í vetur. Það eru ákveðnir nemendur sem koma aldrei inn á skrifstofu en fá þess í stað sinn tíma þegar og hvar sem þeim hentar.

Réttindaráðið fundaði vel í vetur og unnu þau vel verkefni sem þau kusu að kalla Skólinn og umhverfið okkar. Í því tóku þau saman atriði í sínu umhverfi sem þeim finnst þurfa að bæta eða breyta og flokkuðu svo eftir mikilvægi. Virkilega flott hjá þeim. Umsjónarmenn voru í upphafi vetrar Dagný námsráðgjafi og Daníela íþróttakennari en þegar hún fór í fæðingarorlof tók Arndís deildarstjóri við. Samstarfið við Félak og utanaðkomandi fræðslur gekk vel og tryggði fjölbreytta og gæða forvarnafræðslu fyrir alla árganga. Gott að hafa þau í húsinu og meiri tengingu milli skólans og félagsmiðstöðvarinnar, sérstaklega á miðstigi.

Áskoranir

Helsta áskorun ársins var að gefa nægjanlegan tíma í náms- og starfsfræðslu. Mikið álag í viðtölum og samskiptamálum gerði það að verkum að þessi mikilvægi þáttur starfsins fékk ekki þá athygli sem hann á skilið.

Markmið fyrir næsta ár

Áætlað er að byrja aftur sterkt inn á unglíngadeild til að ná til nýrrar 8. bekkjar. Þessi aðferð hefur reynst vel og væri gott að ná að tengjast þeim á nýju stigi því það eru miklar breytingar milli stiga, bæði hjá nemendum og í skólaumhverfinu. Eftir áramót verður lögð áhersla á að vera meira inn á 6.-7. bekkjarsvæði til að ná til nemenda áður en þeir fara á nýtt skólastig. Þó það

Náms- og starfsfræðsla: Í undirbúningi er áætlun fyrir hvern árgang með tilbúnum verkefnum sem hægt er að vinna hratt og vel án mikils undirbúnings. Þetta ætti að gera mögulegt að stjórnendur geti nýtt námsráðgjafa í forfallakennslu af og til og koma þannig starfsfræðslu að.

Réttindaráð: Skólaárið 2026-2027 er á áætlun stóra Barnaþing Naustaskóla þar sem nemendur úr öllum árgöngum mæta. Mögulega verða 1.-3. bekkur á sínum svæðum og vinna verkefnið í sínu umhverfi, kennarar koma þar að skipulagningu. Réttindaráðið útbýr spurningar og umræðupunkta út frá Skólinn og umhverfið mitt og verða svo niðurstöður kynntar fyrir stjórnendum, ráðum skólans og starfsfólki. Einnig er aftur komið að endurmati sem Réttindaskóli svo það eru næg verkefni þar framundan.

Lokaorð

Þrátt fyrir áskoranir var þetta gott ár með miklum árangri í að ná til nemenda og styrkja samstarf. Reynslan sem fengist hefur leggur góðan grunn að áframhaldandi þróun starfsins og bættri þjónustu við nemendur Naustaskóla. Það er gefandi og gaman að vinna með nemendum og starfsfólki Naustaskóla og hjálpast öll við að gera skólann að góðum stað til að vera á.

Innra mat og umbætur fyrir næsta skólaár

[Skýrslu má sjá á heimasíðu Naustaskóla.](#)